# Fundargerðir bæjarráðs 1934

Aðfnr. 7198

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir bæjarráðs

1934

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 7198

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
71 : 98
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð

F U N D A R G E R Ð I R

1 9 3 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 5. janúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Jakob Möller og Stefán Jóh. Stefánsson kosnir til þess að gera tillögur til bæjarstjórnar út af kjörskrárkærum, ásamt borgarstjóra.

2. Samþ. að kaupa sjálfsala fyrir varnarlyf gegn kynsjúkdómum, og láta setja hann upp í náðhúsi karla við Bankastræti.

3. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 9. des., þar sem óskað er umsagnar um erindi Steindórs Einarssonar um leyfi til að nota 3 bifreiðar, 2 metra breiðartil ferða milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og 4 bifreiðar með sömu breidd til aksturs í nágrenni bæjarins. - Bæjarráðið sjer ekki ástæðu til að mæla á móti beiðninni.

4. Lögð fram umsókn frá Ólafi S. Guðbjörnssyni, Bræðraborgarstíg 6, um leigulóð við Kaplaskjólsveg.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

5. Hafnað forkaupsrjetti að Fossvogsbletti V.

6. Útsvarsmál:

Db. Guðmundar Jóhannssonar, Guðmundur Guðmundsson, Ránargötu 18, Eggert Kristjánsson, Laugavegi 74, Þorsteinn Þorsteinsson, Litlu- Bílstöðinni, Sveinn Sigurjónsson, kaupm. A. Rosenberg, Guðni Pálsson, Vatnsstíg 16, Guðlaugur V. Þorsteinsson, Barónsstíg 41.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson. Guðrún Jónasson.

Jakob Möller.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

Árið 1934, föstudaginn 12. janúar, kl. 5.1o síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþykktar tillögur um skipun undirkjörstjórna og skiptingu kjósenda í kjördeildir. Tillögurnar verða færðar inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni. - Borgarstjóra var heimilað að skipa varamenn í undirkjörstjórnir í stað þeirra, sem kunna að forfallast.

2. Borgarstjóri lagði fram skipulagsuppdrátt af götum vestan og sunnan við Landakotseignina. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti skipulagsákvörðun þessa, sem byggingarnefndin hefir samþykkt á fundi sínum í gær. Í sambandi við þetta ákveður bæjarráðið:
   a. Að neyta rjettar bæjarins til þess að taka það, sem eftir er óbyggt vestan við Garðastræti af erfðafestulandinu Ullarstofutún, samkvæmt ákvæðum 2. gr. í erfðafestuskilmálum, dags. 4. maí 1867 fyrir þessu landi, enda falli erfðafestugjald af landinu niður frá síðastliðnum áramótum.
   b. Að leyta samkomulags við eigendur Landakots um skipti á lóðarhlutum, samkvæmt framlögðum uppdráttum, þannig að bærinn fái frá Landakoti 4 stykki af byggingarlóðum, sem á uppdrættinum eru merkt A, C, F og E, og láti á staðinn stykkið merkt B, sem verður óbyggt sunnan við Landakotskirkju, og stykkið merkt D, sem verður byggingarlóð úr Ástuni. Ennfremur leggi eigendur Landakots til ókeypis vegarstæði á sínu landi undir götur þær, sem þar eru sýndar, og greiði gatnagerðargjald, 2 kr. á ferm., af byggingarlóðum þeim, sem við þetta verða fyrir hendi úr Landakotseigninni.

   c. Að bæjarsjóður kaupi eftir samkomulagi eða taki eignarnámi, ef samkomulag fæst eigi, þær skákir og eignir, sem þarf vegna götustæða og vegna hentugrar skiptingar í byggingarlóðir á því svæði, sem skipulagsákvörðunin tekur yfir, þar á meðal stykkið merkt D úr Ástuni, Melbæjareignina, kálgarðslóð Jóns Hjartarsonar og Bergskot, en ákvörðun að því er snertir húseignina Bræðraborgarstíg 33 verði látin bíða.

3. Synjað beiðni Ólafs G. Guðbjörnssonar um leigulóð við Kaplaskjólsveg.

4. Samþ. að leigja Halldóri Guðmundssyni og Gísla Þorleifssyni lóðina nr. 6 við Leifsgötu.

5. Samþ. að leigja Jóhanni F. Steinssyni, Bragagötu 33, lóðina nr. 68 við Hringbraut.

6. Samþ. að leigja Erlendi Einarssyni, Skólastræti 5, lóðina nr. 8 við Leifgötu.

7. Lögð fram tillaga frá bæjarverkfræðing um breytingu á legu Hringbrautar milli Hverfisgötu og Skúlagötu.- Málinu vísað til byggingarnefndar.

8. Út af erindi frá húsameistara ríkisins, dags. 11. jan., samþ. bæjarráðið að leyfa að Rannsóknarstofu Háskólans mætti setja í samband við heitvatnsæð frá laugaveitunni, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gerð undirbúning að úthlutun smágarða í Kaupmannstúni.

10. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra viðvíkjandi gjaldskrá rafmagnsveitunnar. Út af því var samþykkt tillaga frá Jakob Möller um að fela rafmagnsstjóra að gera sem fyrst tillögur um breytingar á gjaldskránni.

Fleira ekki gert. - Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Hermann Jónasson | Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Pjetur Halldórsson.

Jakob Möller.

Tillögur um skipun undirkjörstjórna við bæjarstjórnarkosningar 20. jan. 1934:

1. kjördeild. Björn Sveinsson, bókari, Tjarn. 10
Ingibjörg Sigurðardóttir, kennari, Þing. 7
Helgi Sveinsson, fasteignas., Garð. 13

2. --"-- Freymóður Þorsteinsson, lögfr. Stýr. 5
Elísabet Waage, frú, Blómv. 11
Tómas Albertsson, prent., c/o Alþýðuprentsm.

3. --"-- Gunnar Þorsteinsson, lögfr., Sólv. 2
Anna Þorvaldsdóttir, skrif. Kirk. 40
Einar Ingimundarson, verzlunarm., Ing. 10

4. --"-- Gústaf Ólafsson, lögfr., Aust. 17
Guðrún Magnúsdóttir, verl., Kirk. 8 B
Hjörtur Hansson, kaupm. Aðalstr. 18

5. --"-- Sveinn J. Sigurðsson, ritstj., Nýl. 24 B
Guðrún J. Briem, frú, Tjarn. 28
Benedikt Stefánsson, ritari, c/o tollstjóraskrifst.

6. --"-- Steindór Gunnlaugsson, lögfr., Túng. 16
Sigríður Pjetursdóttir, frú, Stýr. 6
Andreas Bergmann, gjaldk., Ljósv. 24

7. --"-- Halldór Jónasson, cand. phil., Von.8
Guðrún Benediktsdóttir, frú, Freyjug. 3
Jóhann Skaftason, lögfr., Eiríksg. 4

8. --"-- Sigurður Þorsteinsson, verzl. Berg. 52
Guðrún Árnadóttir, verzl., Kirkjut. 6
Jón Bach, Þórsg. 12

9. --"-- Indriði Einarsson, rith., Tjarn. 3 C
Guðrún Sigurðardóttir, frú, Hað. 8
Baldur Sveinsson, bankarit., Suð. 3

10. --"-- Steingr. Guðmundsson, cand . phil. c/o tollstj.sk.
Emilía Sighvatsdóttir, frú, Berg. 56
Jón Guðnason, fisks., Berg. 44

11. --"-- Páll Jónsson, verzl, c/o G.Helgason & Melsted
Katrín Páladóttir, frú, Freyjug. 35 B
Einar Thorlacius, præp. hon., Ásv. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. kjördeild: Ari Ó. Thorlacius, endursk. Tjarn. 41
Guðný Þorvaldsdóttir, skrif., Ásv. 1
Sveinn Helgason, prent, Fjöln. 6

13. --"-- Ólafur Sveinbjörnsson, lögfr. Freyjug. 47
Karólína Siemsen, frú, Vest. 29.
Þorvarður Þorvarðarson, bankar. Lauf. 41

14. --"-- Tómas Guðmundsson, lögfr., c/o Hagst.
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, frú, Þing. 18
Tryggvi Guðmundsson, gjaldk. Bar. 7

15. --"-- Magnús Jochumsson, póstftr., Vest. 7
Guðmunda Jónsdóttir, verzl., Laug. 77 B
Haraldur Norðdahl, tollþj., Berg. 66

16. --"-- Einar B. Guðmundsson, cand. jur. Aust. 7
Anna Guðmundsdóttir, ungfr. Von. 8
Guðm. R. Ólafsson, blaðam., Týsg. 4 C

17. --"-- Alfred Gíslason, lögfr., Öld. 59
Anna Stefánsdóttir, ungfr. Hað. 12
Jón Guðjónsson, bókari, Fjöln. 14

18. --"-- Aldolph Bergsson, lögfr., Þórsg. 21
Amalía Sigurðardóttir, frú, Berg. 52
Kristján Bjarnason, innheimtum. Bergþ. 43 B

19. --"-- Leifur Þorleifsson, kaupm., Laug. 25
Soffía Ingvarsdóttir, frú, Smárag. 12
Sveinn Jónsson, kaupm., Kirk. 8 B

20. --"-- Elís Ó. Guðmundsson, verzl. c/o Mjólkurfj.Rv.
Guðbjörg Bergþórsdóttir, kaupk., Öldug.29
Guðbrandur Jónsson, rith. Lind. 41

21. -- "-- Bjarni Þ. Johnson, hrm., Lækjarg. 4
Anna Sigurðardóttir, verzlunarm. c/o Johnson &Kaabe
Pálmi Jósefsson, kennari, Freyjug. 46

22. --"-- Guðmundur Gamalíelsson, bóksali, Lækjarg. 6 A
Karólína Benediktsdóttir, kaupk. Laug. 15
Magnús Guðbrandsson, bókari, c/o Olíuverzlun Ísl.

23. --"-- Jón Ólafsson, lögfr. Suð. 26
Elín Tómasdóttir, kennari, Lauf. 8
Eiríkur Baldvinsson, kennari, Berg. 14

24. --"-- Sigurður Grímsson, lögfr., Bjarnarst. 7
Magnþóra Magnúsdóttir, frú, Lauf. 3
Eggert Bachmann, bankar., Bjarkargötu 12

25. --"-- Helgi Sigurðsson, verkfr., Berg. 50 A
Kristín Sandholt, frú, Bjarn. 9
Þorlákur Ófeigsson, byggingarm., Laug. 97

26. --"-- Sæmundur Bjarnhjeðinsson, prófessor, Hverf. 46
Margrjet Einarsdóttir, yfirhjúkrunark., Laugarness
Gísli Þorbjarnarson, innheimtum., Berg. 36

---

Tillága um kjördeildaskipun við bæjarstjórnarkosninguna 20. janúar 1934:

Kjördeild: I A - Arnheiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjördeild: II. Árni - Betzy

III. Biering - Cortes

IV. Daði - Elly

V. Emaúel - Grímur

VI. Gróa - Guðmundsson

VII. Guðmundur - Guðríður

VIII. Guðrún

IX. Guðsteinn - Hanson

X. Haraldur - Höyer

XI. Ida - Ivy

XII. Jocobsen - Jón Gunnlaugsson

XIII. Jón Hafliðason - Jörundur

XIV. Kaaber - Kristín Runólfsdóttir

XV. Kristín Samúelsdóttir - Löve

XVI. Maack - Margrímur

XVII. María - Ólafsson

XVIII. Ólafur - Petronella

XIX. Pjetur - Sigríd

XX. Sigríður - Sigtryggur

XXI. Sigurást - Sivertsen

XXII. Skaftfeld - Svanhvít

XXIII. Svanlaug - Valgeir

XXIV. Valgerður - Þorbrandur

XXV. Þórdís - Örvar.

XXVI. Laugarnesspítali

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð

Árið 1934, þriðjudaginn 2 3. janúar, kl 5[10] síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 4. jan., þar sem óskað er að bæjarstjórnin ákveði meðalmeðlag með óskilgetnum börnum frá 14. maí 1934 til jafnlengdar 1937.

2. Lagt fram brjef frá Júlíusi Guðbrandssyni, dags. 4. jan., þar sem hann óskar eftir atvinnu.

3. Samþ. að auglýsa borgarstjórastöðuna lausa með umsóknarfresti til síðasta þessa mánaðar.

4. Borgarstjóri tilkynnti, að stjórn Aldamótagarðsins hefði afhent bæjarstjórinni Aldamótagarðinn og sjóð hans frá síðustu áramótum að telja.

5. Borgarstjóri lagði fram brjef frá stjórn Skíðafjelags Reykjavíkur þar sem þakkað er fyrir fjárveitingu úr bæjarsjóði til byggingar skíðaskála.

6. Borgarstjóri lagði fram útboðsskilmála fyrir gaskol til Gasstöðvar Reykjavíkur.

7. Lögð fram fundarályktun frá íbúum í Skildinganesi um ýms mál.

8. Lagðar fram tillögur frá aðalfundi bandalags kvenna, dags. 15. des. 1933.

9. Samþ. að taka tilboði frá Haraldi Árnasyni um læknistæki og hjúkrunargögn í kynsjúkdómaspítalann.

10. Samþ. að gefa Landssímanum kost á leigulandi í Gufuneslandi, ca. 1 ferkm. að flatarmáli, undir móttökutæki fyrir talsamband við útlönd. Ársleigan sje 1000.oo á ári, fyrstu 10 árin og síðan metin á 10 ára fresti.

11. Lögð fram breytingartillaga við 29. gr. lögreglusamþykktarinnar

12. Lögð fram beiðni frá íbúum í Bjarnarborg um að byggt verði þvottahús fyrir íbúðirnar. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

13. Lagt fram frumvarp að leigusamningi við Magnús Guðmundsson um lóð til bátasmíða vestan við Slipplóðina. Borgarstjóri óskaði sjerstaklega að greidd yrðu atkvæði um 2. gr. frumvarpsins. - Var 2. gr. samþ með shlj. atkv.

14. Sigurður Jónsson, Miðstræti 5, hefir afsalað sjer leigurjetti að lóðinni nr. 4 við Leifsgötu. Samþ. að láta Ólaf Pálsson, múrara, Hverfisgötu 87, fá lóðina.

15. Samþ. að láta Valdimar Loftsson, rakara, Laugavegi 65, fá lóðina nr. 59 við Bergþórugötu.

16. Beiðni Einars Þorvaldssonar, Kirkjugarðsvegi 8 og Páls Einarssonar, Þórsgötu 15, um leigulóð undir íbúðarhús, vísað til bæjarverkfræðings.

17. Synjað erindi Gunnars Árnasonar, Grundarstíg 8, um lækkun á vatnsskatti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

18. Samþ. að verði við beiðni Friðjóns Guðbjörnssonar um að fella burtu dráttarvexti af gangstjettargjaldi hússins nr. 63 við Grettisgötu.

19. Synjað erindi frá Þorsteini Þorsteinssyni, Litlu- Bílastöðinni, um niðurfellingu á leigugjaldi fyrir bílastæði.

20. Lagðar fram tvær beiðnir um eftirgjöf á dráttarvöxtum af fasteignagjöldum. - Bæjarráðið vill ekki ganga inn á þá braut að gefa eftir dráttarvexti af fasteignagjöldum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Hermann Jónasson.

Pjetur Halldórsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 2. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Bæjarráðið skipa nú samkv. kosningu bæjarstjórnar:

1. Aðalmenn:
Jakob Möller, Guðmundur Ásbjörnsson.
Bjarni Benédiktsson, Stefán Jóh. Stefánsson,
Jón Axel Pjetursson.

2. Varamenn:
Pjetur Halldórsson , Guðm. Eiríksson,
Jóhann Ólafsson, Guðm. R. Oddsson,
Jóhanna Egilsdóttir.

Fundarefni:

1. Borgarstjóri var kosinn forseti bæjarráðs og Guðm. Ásbjörnsson varaforseti.
2. Stefán Jóh. Stefánsson var kosinn skrifari bæjarráðs.

3. Lagt fram erindi frá Jóni Ólafssyni lögfr. f.h. Valdimars Þorvaldssonar, Fálkagötu 23, um vangreidda húsaleigu fyrir Lánu Valdadóttur. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

4. Lagt fram erindi frá Helgu Marteinsdóttur, Frakkastíg 1 , um almenningseldhús. Samþ. með 3 :2 atkv. að senda erindi stjórnarnefnd Vetrarhjálpar Safnaðanna til umsagnar.

5. Lagðar fram umsóknir um annað fátækralæknisstarfið . Umsóknir höfðu borist frá Sveini Gunnarssyni, Braga Ólafssyni, Halldóri Stefánssyni, Árna Pjeturssyni, Kristínu Ólafsdóttur, Daníel V. Fjeldsted, Jóni Kristjánssyni, Kristni Bjarnarsyni og Bergsveini Ólafssyni.
Að tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar var samþ. að vísa umsóknunum til bæjarstjórnar.

6. Synjað beiðni frá Birni Gottskálkssyni, Skálholtsstíg 2, um leyfi til að hafa söluvagn við höfnina.

7. Synjað beiðni frá Guðbjörgu Juel, Vesturgötu 17 B, um leyfi til að hafa söluvagn við Loftsbryggju.

8. Hafnað forkaupsrjetti að Sogabletti VI.

9. Hafnað forkaupsrjetti að Bústaðabl. VIII.

10. Samþ. að gefa Guðmundi Gunnlaugssyni, Lokastíg 18, kost á leigulóðinni nr. 16 við Leifsgötu.

11. Samþ. að greiða kostnað við kaup á eigninni Hanshús úr skipulagssjóði.

12. Lagt fram erindi frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur um útborgun á síðasta hluta af styrk til samlagsins úr bæjarsjóði 1933.
Málinu frestað þar til ársskýrsla liggur fyrir frá samlaginu.

13. Lögð fram skýrsla frá A. B. Berdal og J. Nissen um virkjun Sogsins og ennfremur áætlun um fjárhagsafkomu Rafmagnsveitu Reykjavíkur í sambandi við fyrirhugaða Sogsvirkjun og áætlun um rekstursreikning Rafmagnsveitu og Sogsvirkjunar árið 1937, hvortveggja frá rafmagnsstjóra. Ákveðið að láta prenta skýrsluna og áætlunina.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram erindi frá Geir Thorsteinsson um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandi hans, Sandvíkurbletti. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

15. Lagt fram brjef frá Ljósmyndarafjelagi Íslands, dags. 29. jan. um lokunartíma á ljósmyndastofum. Borgarstjóra var falið að semja frumvarp að reglugerð um lokunartímann.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.
Jón A. Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 9. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþykkt að greiða húsaleigu í janúar, kr. 85.oo fyrir Carl Nielsen, Amtmannsstíg 2.

2. Lagt fram erindi frá Pálma Jónssyni, lögregluþjóni þar sem hann fer þess á leit, að aldursuppbætur á laun hans verði reiknaðar frá 1. jan. 1930. - Samþykkt að verða við beiðninni.

3. Samþ. að taka bakábyrgð á 20 þús. sterlingspunda láni, sem Jóhannes Jósefsson ætlar að taka í Englandi. Lánið verður tryggt með 1. veðrjetti í Hotel-Borg og ábyrgð ríkissjóðs og samþykki bæjarráð lánskjörin, og sje lánsupphæðinni varið til að greiða lán, sem hvíla á 1. og 2. veðrjetti eignarinnar og bærinn er í ábyrgð fyrir.

4. Samþ. uppkast að samningi um leigu á Arnarhólstúni.

5. x Rætt um virkjun Sogsins og ákveðið að bera fram tillögur um virkunina á næsta bæjarstjórnarfundi undir sjerstökum dagskrárlið.

6. Lagðar fram umsóknir um bókarastöðuna hjá rafmagnsveitunni.- Samþykkt að vísa afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar og fá umsögnrafmagnsstjóra um umsóknirnar.

7. Samþ. að Helgi Sigurðsson verkfræðingur verði frá 1. næsta mánaðar ráðinn sem deildarverkfræðingur undir yfirstjórn bæjarverkfræðings til þess að hafa á hendi verklega stjórn vatns- og hitaveitunnar, og sjeu byrjunarlaun hans kr. 550.oo á mánuði.

8. Lagt fram erindi frá stjórn fjelags íslenzkra bifreiðaeigenda um varúðarmerki á krossgötum og götuhornum.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

9. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

   Með því að samkomulag hefir náðst við Geir Gunnlaugsson í Eskihlíð um nýja erfðafestuskilmála fyrir landi því, sem nú telst Norðurmýrarblettur V og VII, og um leigulóðarskilmála fyrir 750 fermetra stykki þa r sem húsin eru, leggur bæjarráðið til, að honum verðu heimilað að nota sjer kauptilboð fyrri eiganda, h/f. Kol & Salt, að erfðafestulandi þessu ásamt húsum fyrir 27 þús. kr., og að felld verði úr gildi ályktun bæjarstjórnar, dags. 16. nóv. 1933, um að nota forkaupsrjett sinn að þessu landi.

10. Lagðar fram tillögur bæjarverkfræðings um skiftingu Kaupmannstúns í smágarða. Samþykkt að láta gera vegi um landið í atvinnubótavinni.

11- Borgarstjóra heimilað að leigja jörðina Gufunes frá næstu fardögum, að fráskildu Geldinganesi og landsafnotum þeim, sem Landssíma Íslands hefir verið gerður kostur á samkvæmt ályktun bæjarráðs 23. jan. þ.á., fyrir árlegt eftirgjald kr. 2500 .oo í peningum og 100 dagsverk í jarðabótum eða tilsvarandi upphæð í húsabótum.

12. Lagt fram erindi frá Kr. F. Arndal um afnot af landi til þess að þurka bein. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

13. Samþykkt að gefa Jóni Hlíðberg, Laugavegi 68, kost á leigulóðinni nr. 12 við Leifsgötu.

14. Útsvarsmál:

Svensk- Isländska - Fryseriaktiebolaget.

15. Samþ. að tilkynna lögmanni, að frá 1. júní n.k. verði ekki lengur þörf á fulltrúa þeim, sem löggiltur var til bráðabirgða 16. jan. 1931 til þess að hafa á hendi lögtök á bæjargjöldum.

Fleira ekki gert,

fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 16. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni :

1. Synjað beiðni frá Karítas Hjörleifsdóttur, Skólavörðustíg 19, um ábyrgð fyrir 600 kr. láni.

2. Samþ. að mæla með beini Hólmfríðar Þorláksdóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

3. Synjað beiðni frá Guðlaugi Ásgeirssyni, Njálsgötu 10 A, um leyfi til að hafa söluvagn á götum bæjarins.

4. Synjað beiðni frá stjórn Landsspítalans um lækkun á gasverði til spítalans.

5. Lagt fram erindi frá bræðrunum Ormsson um framlengingu á gasæð Óðinsgötu. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Lagt fram brjef frá stjórn Fjelags Íslenzkra Iðnrekenda um lækkun á verði gass og rafmagns til iðnreksturs.

7. Synjað beiðni frá Kofoed Hansen skóræktarstjóra um 1000 króna þóknun úr bæjarsjóði fyrir skóræktarstarf í þágu bæjarins á undanförnum árum.

8. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 8. febrúar.

9. Lagt fram erindi frá fangaverði, dags. 2. febrúar, um óþægindi vegna áhaldageymslu bæjarins.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

10. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings, dags. 14. febrúar, um erindi Geirs Thorsteinssonar um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Sandvíkurbletti.

11. Samþ. að fara fram á það við hafnarstjórn, að gerð verði grjótuppfylling og hleðsla í framhaldi Skúlagötu fyrir norðan Iðunn og bátauppsátur við Rauðará.

12. Lagt fram brjef frá Magnúsi Guðmundssyni, dags. 13. febr., um leigusamning um lóð þá vestan við Slippinn, sem hann hefir til afnota.- Bæjarráðið heldur fast við ákvörðun sína, sem bókuð er í 13. lið fundargerðar bæjarráðs 23. jan. 1934.

13. Synjað umsókn frá Bertel Sigurgeirssyni, Vesturgötu 24, um leigulóð undir íbúð og trjesmíðaverkstæði við Háteigsveg eða Þvergötu.

14. Samþ. að gefa Páli Melsted Ólafssyni, Ívarseli, kost á leigulóð við Laugarnesveg eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

15. Samþ. að gefa Jónasi Kr. Jónassyni, Klapparstíg 10, kost á leigulóðinni nr. 77 við Grettisgötu.

16. Lagt fram erindi frá íbúum við Freyjugötu, sunnan Njarðargötu, um að laugavatni verði veitt í hús þeirra. - Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að leggja tillögur um þessa framkvæmd fyrir bæjarráð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

17. Synjað erindi frá Hjálmari Jónssyni, Steinhólum við Kleppsveg, um niðurfellingu á vatnsskatti af húsi hans.

18. Samþ. að afhenda Gasstöðinni lóð milli Gasstöðvarinnar og Hringbrautar, sem bærinn hefir eignast fyrir makaskifti við Iðunni, fyrir 8000 krónur.

19. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti, að lánaðar verði nokkrar kennslustofur í Miðbæjarskólanum á komandi sumri til þess að sýna þar handavinnu barna og unglinga.

20. Synjað beiðni frá Helgu Marteinsdóttur, Frakkastíg 1, um styrk til þess að reka almennings eldhús.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 23. febrúar, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Funda refni:

1. Lögð fram tvö brjef frá Magnúsi Jónssyni prof. juris., dags. 23. febrúar, um skaðabætur honum til handa vegna skemmda á landareign hans vegna undirbúnings virkjunar Sogsins. - Samþykkt að biðja um skýrslu rafmagnsstjóra út af þessu.

2. Lagt fram erindi frá Reykjabúinu í Ölfusi um leyfi til að selja grænmeti og blóm á Lækjartorgi og Óðinsgötu. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

3. Lögð fram tvö erindi frá landlækni, dags. 15. og 16. febr. um heilbrigðismál í bænum. - Borgarstjóra falið að leita frekari upplýsinga um málið.

4. Lögð fram skýrsla frá skólanefnd um fjölda skólaskyldra barna í úthverfum bæjarins.- Samþykkt að beiðast umsagnar skólanefndar um það, hvert af úthverfunum skuli ganga fyrir um skólahúsbyggingu.

5. Samþ. að ráða Einar Sveinsson húsameistara til að vinna að skipulagi og öðrum húsameistarastörfum fyrir 450 kr. borgun á mánuði fyrst um sinn.

6. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 23. febr. , þar sem ráðuneytið tilkynnir, að það heimili bæjarstjórninni fyrir hönd bæjarsjóðs að takast á hendur ábyrgð fyrirallt að 200 þús. króna láni eða lánum til skipakaupa.

7. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu um útvegun fiski skipa:

Til þess að greiða fyrir útvegun á vjelskipum þeim, sem bæjarstjórn hefir heitið stuðningi, felur bæjarráðið borgarstjóra að útvega hjá hæfum, reyndum hjerlendum mönnum uppdrátt og nákvæma smíðalýsingu ásamt efnisskrá af ca. 50 smálesta vjelaskipi, og leita síðan tilboða í 4 - 5 slík skip og vjelar til þeirra, og sje undirbúningnum hagað sjerstaklega með það fyrir augum, að sem aðgengilegast verði fyrir innlenda skipasmiði að gera tilboð í skipin.
Tillaga þessi var samþykkt með samhlj. atkv.

8. Synjað erindi frá Kristínusi F. Arndal, Guðmundi S. Guðmundssyni og Jóni Guðlaugssyni um leigu á sandnámu bæjarins.

9. Synjað beiðni frá Guðjóni L. Jónssyni um lækkun á leigu fyrir kálgarðsblett í Kringlumýri.
Út af því var borgarstjóra falið að athuga, á hvern hátt væri unnt að útvega mönnum ósýkt útsæði á næsta vori.

10. Samþ. með 3:2 atkv. að lækka aukavatnsgjald af fiskverkunarstöðinni Álfheimum um kr. 150.oo, þar sem stöðin hafði verið mjög lítið notuð.

11. Lögð fram fundarályktun frá verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 22. febr.

**Bæjarverkfræðingur.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Hafnað forkaupsrjetti að Kleppsmýrarbletti IX. og X.

13. Samþ. að leita tilboða í húsin á Eiði.

14. Samþ. að selja Jóhanni Valdimarssyni nyðri helming lóðarinnar nr. 3 við Seljaveg til þess að byggja á henni íbúðarhús.

15. Synjað beiðni frá Guðmundi Jónssyni, Þorleifi Þorgrímssyni og Guðbrandi J. Valberg um ábyrgð á láni til skipakaupa.

16. Borgarstjóri tilkynnti, að bráðabirgðaniðurstaða á manntalinu síðasta sýndi íbúatölu í bænum ca. 31484.

17. Útsvarsmál.

Ólafur Þorleifsson, Hörpugötu 16, Sigríður Björnsdóttir, Skóbúð Reykjavíkur, Steindór Nikulásson, Framnesvegi 28, Þórður Bjarnason, Njálsgötu 64, Oddur Bjarnason, Vest. 15, Guðmundur H. Þorláksson, Njálsgötu 81.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ

Árið 1934, föstudaginn 2. marz, kl. $5^{15}$ síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Synjað beiðni frá Önnu Gunnarsdóttur, Ránargötu 9, um leyfi til að byggja íbúðarhús og gróðurhús á erfðafestulandinu Bústaðabletti XXIV.

2. Synjað að svo stöddu beiðni frá Óskari Halldórssyni f.h. Bessa Gíslasonar um ábyrgð á láni til skipakaupa, enda ekki fullnægjandi upplýsingar fyrir hendi.

3. Samþ. að nema úr eftirstöðvum:

   I. Kr. 13542.50, útsvör gjaldenda, sem ekki hafa fundist.

   II. Kr. 1775.oo, útsvör gjaldenda, sem fluttir eru úr bænum og finnast ekki.

   III. Kr. 2174.80, útsvör 84 gjaldenda, sem hafa reynst óinnheimtanleg.

   IV. Kr. 9660.94, útsvör gjaldenda, sem hafa flutt úr bænum, en skuldað útsvör, sem hafa verið send til lögtaks.

   V. Kr. 1881.oo, útsvör 6 gjaldenda, sem ýmist eru fluttir af landi burt eða hafa samið um greiðslu á eldri skuldum.

4. Samþykkt tillaga rafmagnsstjóra um lýsingu verbúðanna.

5. Lagt fram brjef frá endurskoðendum bæjarreikninganna um innheimtu ellistyrktarsjóðsgjalda. Hafa þeir endurskoðað reikning ellistyrktarsjóðsins 1931 og ekki fundið villur í honum og var hann samþykktur. Ákveðið var að beiðast umsagnar tollstjóra út af aðfinnslum endurskoðendanna um innheimtuna.

6. Samþ. að taka á leigu skólahúsnæði í húseigninni Sjónarhól í Sogamýri fyrir skólaárið 1934 - 1935.

7. Samþ. að mæla með beiðni Guðjóns Einarssonar, Njálsgötu 13 B, um veitingaleyfi.

8. Lagt fram brjef frá háskólaráðinu, dags. 23. febrúar viðvíkjandi háskólalóðinni.

9. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. X og Þvottalaugarbletti XXXIV.

10. Synjað beiðni frá Símoni Sveinssyni, Arnargötu 12, um leigu á landsspildu í Skildinganeshólum.

11. Synjað beiðni frá Guðmundi Jónssyni, Kárastíg 7, og Tómasi Þormóðssyni, Njálsgötu 50, um leigu á lóðarblettum undir skúra.

12. Lagt fram erindi frá Jóni Ólafssyni lögfræðingi um lagfæringu á Kirkjugarðsstígnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jón Axel Pjetursson. Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 9. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá Jóni Pálssyni fyrverandi bankafjehirði, um að fjölgað sje hólmúnum í tjörninni.- Bæjarverkfræðingi og borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

2. Lagt fram erindi frá íbúum við Eiríksgötu, Leifsgötu og nokkurn hluta Barónsstígs þar sem kvartað er yfir kolareyk úr þvottahúsi Landsspítalans. Ákveðið að krefjast þess af stjórn Landsspítalans að úr þessu verði bætt undir eftirliti bæjarverkfræðings.

3. Samþ. að leggja gasæð frá gatnamótum Bergstaðastrætis og Baldursgötu að húsinu nr. 14 við Baldursgötu.

4. Lagt fram erindi frá íbúum við Mímisveg um hveravatn í hús þeirra. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings í sambandi við samskonar erindi frá íbúum við Freyjugötu.

5. Samþ. að leigja Byggingarfjelagi Verkamanna óbyggða lóð milli Ásvallagötu, Hringbrautar og Hofsvallargötu, austanvert við Verkamannabústaðina. Bæjarverkfræðingi falið að athuga um götugerðir á þessu svæði.

6. Lagt fram brjef frá Elísabet Jónsdóttur um að ekki verði lokað fyrir vatnsæð Laufásvegar eftir kl. 2 að degi til. Bæjarverkfræðingur hefir þegar gert ráðstafanir til að afgreiða málið.

7. Synjað að svo stöddu beiðni frá Margrjeti Árnason um að leitt verði vatn að húsi hennar Hólum í Skildinganesi.

8. Lagt fram brjef frá stjórn Íþrótta-sambands-Íslands, dags. 1. marz, um endurbætur á Sundlaugunum, sundhöllina og sundskála við Nauthólsvík. Ennfremur var lögð fram áætlun bæjarverkfræðings um lagningu þrýstivatnspípu frá dælistöðinni í þvottalaugunum niður að sundlaugunum. Samþykkt að láta leggja pípuna samkvæmt áætluninni.

9. Synjað beiðni frá Halldóri Eiríkssyni um viðbót við lóð hans, Viðvík B við Laugarnesveg.

10. Lögð fram umsókn frá Byggingarsamvinnufjelagi Reykjavíkur um allt að 20 leigulóðir undir íbúðarhús. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

11. Hafnað forkaupsrjetti að hálfu erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLVI, enda verði landið í óskiftri sameign.

12. Sigurði Einrassyni frá Flatey var gefinn kostur á lóðinni nr. 14 við Leifsgötu á fundi bæjarráðs 3. febr. 1933, en hefir ekki notað hana. Var því samþ. að taka lóðina af Sigurði og gefa Hávarði Valdimarssyni, Barónsstíg 31, kost á lóðinni.

13. Synjað beiðni frá Halldóri Kjærnested, Ránargötu 30, um leyfi til að hafa sumarbústað í Fossvogi.

14. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugarbl. XVII.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Borgarstjóri skýrði frá því, að lóðarkaupakostnaður og götugerðarkostnaður vegna skipulagðra byggingarlóða við Hávallagötu, Garðastræti og nýja götu vestan Garðastrætis mundi verða um 140 til 150 þús. kr., fyrir utan götugerðargjald af lóðum Landakots, og án þess að talið sje nokkurt endurgjald til erfðafestuhafa Ullarstofutúns. Samkvæmt skipulaginu fær bæjarstjórnin til ráðstöfunar ca. 34 byggingarlóðir, þar af 14 milli Garðastrætis og hinnar nýju götu samhliða því, 8 við Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu, og 12 við Sólvallagötu, Hávallagötu og Túngötu vestur undir Bræðraborgarstíg.

Til þess að útvega fje til þessa kostnaðar, leggur borgarstjóri til, að ákveðið verði að bjóða til sölu lóðirnar á tveim fyrstnefndu svæðunum, þ.e. fyrir austan Blómvallagötu, samkvæmt ákvæðum samþykktar 28. júní 1928 um sölu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að borgarstjóra verði falið að leita eftir láni til þessara framkvæmda.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar var felld með 3:2 atkv. en tillaga borgarstjóra samþ. með 3+2 atkv.

16. Teknar til umræðu tillögur Stefáns Jóh. Stefánssonar frá bæjarstjórnarfundi 1. marz, XII. lið.

Samþ. með 3:2 atkv. að vísa 1. tillögunni til bæjarverkfræðings til athugunar.

Samþ. að fela borgarstjóra að rannsaka og undirbúa stofnun ráðningarskrifstofu bæjarins.

Ákveðið að fela bæjarverkfræðingi að athuga um síðari hluta 5. tillögunnar.

Samþ. með 3:2 atkv., að bæjarráðið sjái ekki ástæðu til að gera frekari ályktun út af tillögunum.

17. Lögð fram tilboð um kaup á húsunum á Eiði. Málinu frestað.

18. Synjað beiðni frá Jóni Einarssyni, Laugavegi 57, um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.

19. Samþ. að mæla með beiðni frá Valgeiri Magnússyni, Klapparstíg 38, um veitingaleyfi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Árið 1934, föstudaginn 16. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni;

1. Lögð fram beiðni frá Kristni H. Kristjánssyni, Bergþórugötu 43, um lán úr bæjarsjóði til þess að kaupa vörubíl.- Málinu vísað til fátækrafulltrúa til afgreiðslu.

2. Borgarstjóri tilkynnti, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefði staðfest viðauka við samþykkt um stjórn bæjarmálefna Reykjavíkur frá 23. júlí 1932.

3. Á fundinn komu fjórir fulltrúar frá fundi verkamanna s.d. og lögðu fram svo fellda ályktun;

" Fundur verkamanna í Verkamannaskýlinu 16/3. '34 mótmælir allri fækkun í atvinnubótavinnunni, og krefst þess, að fjölgað verði í henni upp í 400 manns n ú þegar, þar sem hundruð verkamanna ganga atvinnulausir hjer við höfnina ."

4. Samþ. að færa stofnkostnað hitaveitunnar á efnahagsreikning vatnsveitunnar p. r. 31. des. 1933, með þeirri upphæð, sem hitaveitan stendur bæjarsjóði í, kr. 237700,86.

5. Samþ. að taka tilboði frá stjórn Landsspítalans um pláss fyrir spennistöð í kjallara Landsspítalans.

6. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um tvö erindi frá Magnúsi Jónssyni prof. júris út af bótum vegna Sogsvirkjunarinnar.- Erindunum synjað.

7. Synjað beiðni frá Kolbeini Finnssyni og Þ. Jacobsen um bæjarábyrgð fyrir kr. 40000,oo til h/f. Kol & Salt svo að þeir fái eignarrjett/og umráðarjett yfir línuveiðaskipinu Jarlinn.

8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXII.

9. Samþykkt að gefa Jóni Árnasyni, Njálsgötu 78, kost á lóðinni nr. 84 við Njálsgötu.

10. Synjað beiðni frá Jóni G. Pjeturssyni, Kleppi, um erfðafestuland við Kleppsveg.

11. Samþ. að gefa Guðmundi S. Guðmundssyni kost á leigulóð undir iðnaðarfyrirtæki, á horninu austan Sellandsstígs og sunnan Hringbrautar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

12. Lögð fram beiðni frá Árna Erasmussyni, Laugavegi 126, um að leigusamningur um lóðina nr. 53 við Bergþórugötu verði gerður við konu hans, Sólveigu Ólafsdóttur. Samþykkt að verða við beiðninni.

13. Lagt fram erindi frá húseigendum við Veghúsastíg um að leiðslu verði lagðar í götuna. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Samþ. að láta Björn Arnórsson fá á erfðafestu land það, sem samþykkt var að láta Viggó Þorsteinsson fá 2. júní 1932, en hann hefir ekki notað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Útsvarsmál.

Eiríkur Leifsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1 934, föstudaginn 23. marz, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 4. jan., þar sem óskað er tillagna um meðalmeðlag með óskilgetnum börnum frá 14. maí 1934 til jafnlengdar 1937. Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að meðlagið yrði ákveðið kr. 400.oo á ári frá fæðingu til 14 ára aldurs, en borgarstjóri lagði til að meðlagið væri látið haldast óbreytt.
   Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar var felld með 3:2 atkv., en tillaga borgarstjóra samþ. með 3 : 2 atkv.

2. Synjað beiðni frá Kristjáni Siggeirssyni um greiðslu á húsaleiguskuld vegna Pjeturs Bernburg.

3. Samþ. að greiða Jóni Kristjánssyni lækni kr. 200.oo fyrir læknishjálp veitta Ásdísi Árnadóttur, Framnesvegi 52.

4. Lagt fram erindi frá Frímanni Einarssyni, Þóroddsstöðum, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði afhent eignin Melavellir með áhöfn.

5. Lagður fram aðalreikningur Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir árið 1933.

6. Borgarstjóri lagði til,að bæjarráðinu yrði falið að skipa varalögreglumenn og setja varalögreglunni starfsreglur. Tillaga þessi var samþykkt með samhlj. atkv.

7. Bjarni Benediktsson bar fram svo hljóðandi tillögu til bæjarstjórnar:

   " Bæjarstjórnin samþykkir að leggja stjórn Alþýðubókasafns undir bæjarráð. Samþykkt þessi taki gildi nú þegar, enda sje þá hin sjerstaka stjórnarnefnd bókasafnsins lögð niður."

   Tillaga þessi var samþykkt með samhlj. atkv.

8. Lagt fram brjef frá Hermanni Jónassyni lögreglustjóra þar sem hann fer þess á leit að fá afrit af vátryggingarsamningi bæjarins við vátryggingarfjelagið Albingía, eins og samningurinn er á þýzku. - Út af þessu leggur Stefán Joh. Stefánsson það til, að beiðandinn, sem bæjarfulltrúi, verði látinn fá umbeðið afrit.
   Bjarni Benediktsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

   " Bæjarráðið sjer ekki ástæðu til að gera aðra ályktun út af erindi Hermanns Jónassonar en að vísa honum á niðurlagsákvæði 2. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík. "

   Tillaga Bjarna Benediktssonar var samþykkt með 3:2. at kv.

9. Samþ. að leyfa M. Júl. Magnús lækni að byggja viðbótarskúr úr timbri á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbl. IV., með sömu skilyrðum og aðrar byggingar á landinu eru leyfðar.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti XI.

11. Samþ. að gefa Helgu N. Nielsdóttur, Eiríksgötu 37, kost á leigulóðinni nr. 78 við Hringbraut.

12. Samþ. að gefa Þorsteini B. Helgasyni kost á leigulóðinni nr. 61 við Bergþórugötu.

13. Samþ. að gefa Einari Guðmundssyni, Laufásvegi 45, kost á leigulóðinni nr. 63 við Bergþórugötu.

14. Synjað beiðni frá Aðalsteini Vigfússyni, Bergstaðastræti 41, og Martin Giszer um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 3500 króna láni til kaupa á 8 smálesta vjelbáti.

15. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Sogamýrarblett XIV og XXV, ásamt húsum og mannvirkjum fyrir kr. 34400.00.

16. Útsvarsmál:
Þórarinn Sigurðsson, Bergstaðastræti 86, Sigurður Guðmundsson, Brunnstíg 7, O. J. Malmberg.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 6. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að verða við beiðni Ara Guðmundssonar um hjálp til að gera nauðsynlegar breytingar á íbúð, er hann getur fengið á leigu.

2. Synjað beiðni frá Sigurjóni Jónssyni, Selbúðum 8, um hjálp til þess að kaupa bústofn og garðyrkjuáhöld.

3. Samþ. að greiða Gunnari Arnbjarnarsyni, Öldugötu 47, kr. 60.oo í skaðabætur fyrir skemmdir á fatnaði.

4. Samþ. að greiða Sjúkrasamlagi Reykjavíkur kr. 6000.oo, eftirstöðvar af styrk úr bæjarsjóði árið 1933.

5. Lagt fram erindi frá lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að tveim lögregluþjónum verði veittur styrkur til utanfarar. Samþ. með 3:2 atkv. að fresta málinu.

Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að þeim tveim lögregluþjónum, sem tilgreindir eru í brjefi lögreglustjóra, verði veitt þriggja mánaða frí með fullum launum til þess að sækja lögreglunámskeið erlendis. Óskaði hann að sú tillaga yrði borin undir bæjarstjórn.

6. Samþ. að taka tilboði frá Ol. Johnson & Kaaber um kaup á ca. 1300 tonn af Silksworthgaskolum.

7. Lagt fram brjef frá Landsbankanum, þar sem farið er fram á að lagður sje vegur frá Grandavegi yfir Bráðræðistún að Eiðstjörn. Málinu vísað til bæjarverkfræðings. ||

8. Samþ. að leyfa Jóni Pálssyni, Bergþórugötu 1, að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 41.

9. Synjað beiðni frá G.E. Nielsen um leyfi til að byggja sumarbústað í Fossvogi.

10. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XIII.

11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabletti XVIII.

12. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVI.

13. Samþ. að leigja Alexander Guðjónssyni, Öldugötu 61, lóðina nr. 83 við Laugarnesveg.

14. Lagt fram brjef frá stjórn Elliheimilisins um vatnsleysi.

15. Samþ. með 3:2 atkv. að greiða eigendum Landakots kostnað við girðingu á landi þeirra vegna lagningar nýrra gatna, þó ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern lengdarmetra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

16. Samþ. að leigja Hestamannafjelaginu Fáki hagabeitarlöndin Ártún, Breiðholt og Geldingarnes með sömu kjörum og að undanförnu, að því tilskildu, að heimilt sje að mæla út úr Ártúnslandi á leigutímanum.

17. Lögð fram skýrsla um Alþýðubókasafn Reykjavíkur fyrir árið 1933.
Bæjarráðið óskar eftir, að bókavörðurinn láti í tje skýrslu um bindatölu safnsins, starfsfólk og starfstilhögun.

18. Stefán Jóh. Stefánsson, bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarráðið leggur til, að bæjarstjórn ákveði að hefja nú þegar undirbúning að stofnun mjólkurhreinsunarstöðvar, er taki að sjer að gerilsneiða mjólk, er seld sje neytendum í bænum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Garðar Þorsteinsson

settur.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson. Jóh. Ólafsson .

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Árið 1934, föstudaginn 13. apríl, kl. 5 síðdegis hjelt bæjarráð fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að veita Sigurbergi Einarssyni, Bergstöðum við Laugsrnesveg, 500 - 600 króna styrk til þess, að koma upp íbúðarskúr til sumardvalar.

2. Samþ. að taka tilboði frá Steindóri Gunnlaugssyni lögfr. um kaup á húsinu nr. 25 við Njarðargötu fyrir kr. 10000.oo.

3. Lagt fram brjef frá Frímanni Einarssyni um kaup á jörðinni Sólheimum í Mosfellssveit.

4. Samþ. að láta sambandi íslenskra barnakennara í tje ókeypis húsnæði í Austurbæjarskólanum fyrir sýningu á skólavinnu, skólaáhöldum og fl. á næsta vori.

5. Lagt fram erindi frá skólanefnd um lagfæringu á leikvelli Austubæjarskólans. Málinu vísað til bæjarverkfræðings. A afgr

6. Samþ. að leyfa Gyðu Briem að byggja viðbyggingu úr steini við íbúðarhúsið a erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XIX.

7. Samþ. að leyfa Magnúsi Guðbrandssyni að byggja skúr úr timbri og járni á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXVI.

8. Synjað um leyfi til að byggja fjós og hlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti XIX.

9. Samþ. að leyfa Thorhild W. N. Hansen að byggja hlöðu og viðbót við gripahús úr steini á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XIV.

10. Samþ. að leyfa Högna Halldórssyni að byggja gripahús og hlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XII.

11. Samþ. að leyfa Ólafi Ólafssyni að byggja sumarbústað og geymslhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XII.

12. Lögð fram beiðni frá Aðalsteini Magnússyni, Laugarnesvegi 51, um leiguland við Laugarnesveg til fuglaræktar. Bæjarverkfræðingur upplýsti, að ekkert land væri til óleigt á því svæði.

13. Synjað beiðni frá G. E. Nielsen endurskoðanda um leyfi til að byggja sumarhús í Árbæjarlandi.

14. Lögð fram beiðni frá Ragnheiði Jónsdóttur, Hverfisgötu 76, um leiguland til hænsnaræktar og undir sumarhús. Bæjarverkfræðingur kvaðst ekki geta bent á neitt land til þessa.

15. Synjað beiðni frá Jóhannesi S. Ólafssyni, Blönduhlíð, um leiguland í Öskjuhlíð til ræktunar og hænsnaræktar.

16. Lagt fram brjef frá íbúum við Laugarásveg þar sem farið er fram á að lögð verði vatnsæð í götuna. Málinu vísað til bæjarverkfræðings. Hagr

17. Synjað beiðni frá Helga Hallgrímssyni um að bætt verði við girðingu hjá húsi hans í Gróðrarstöðinni.

18. Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi sjálfstæðra verkamanna

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um lóðir undir sjerstæð íbúðarhús, sem fjelagið ætlar að byggja. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

19. Lagt fram brjef frá vörubifreiðarstjórum í Reykjavík um sölu og flutning á byggingarefni. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

20. Lagt fram brjef frá Magnúsi J. Brynjólfssyni þar sem farið er fram á, að gangstjett verði gjörð við húsið nr. 16 við Garðastræti.

21. Samþ. að taka tilboði frá H. Benediktssyni & Co. um kaup á baðsoðnum vatnsveitupípum, 8 metra löngum, fyrir kr.85658.oo.

22. Út af erindi frá Verkamannafjelaginu Dagsbrún var samþykkt, að vinnutími í bæjarvinnu skuli reiknast frá þeim tíma, er lagt er af stað í bifreið frá áhaldahúsi bæjarins.

23. Samþ. að fela Stefáni Jóh. Stefánssyni að áfrýja til hæstarjettar, til staðfestingar, dómi í landamerkjamálinu: eigandi Bíldfells gegn eiganda Úlfljótsvatns.

24. Samþ. að leigja Einari Ólafssyni í Lækjarhvammi túnið á Seljalandi til næsta hausts fyrir kr. 1300.oo.

25. Fellt með 3:2 atkv. að leyfa stjórn íslenzku vikunnar að mála hvatningarorð á götu bæjarins.

26. Lagt fram brjef frá slökkviliðsstjóra um kaup á nýjum brunabíl.

27. Lagt fram brejf frá Lárusi Fjeldsted um sölu á Ullarstofutúni.

28. Lagt fram brjef frá skólanefnd um sundkennslu í sundlaug Austurbæjarskólans í sumar. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

29. Samþ. með 3/ 2 atkv. að kaupa hjálma handa lögregluliðinu.

30. Lagt fram brjef frá Steingrími Arasyni um leigu á húsi hans við Baugsveg til skólahalds. Málinu vísað til skólanefndar.

31. Lagt fram brjef frá foreldrum í Laugarneshverfi um byggingu barnaskólahúss þar. Bæjarráðið ákvað að gjöra nú þegar athuganir um skólastæði á þessum stað.

32. Samþ. að framlengja starfstíma hjúkrunarkvenna barnaskólanna um einn mánuð.

33. Synjað beiðni frá Slippfjelaginu um eftirgjöf á dráttarvöxtum af fasteignagjöldum.

Garðar Þorsteinsson
settur.

Jakob Möller. — Stefán Jóh. Stefánsson .

Guðm. Eiríksson. — Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Árið 1934, þriðjudaginn 24. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram skýrsla frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur um barnahælið Sólheimar í Grímsnesi.

2. Lögð fram skýrsla um störf barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1932 - 1933.

3. Lagt fram brjef frá Mjólkurbandalagi Suðurlands um byggingu nýrrar mjólkurstöðvar . Bæjarráðið leggur til að bæjarstjórn kjósi þriggja manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um mjólkur-málið .

4. Lagðar fram skýrslur og reikningar hjúkrunarfjelagsins Líkn fyrir árið 1933.

5. Lagt fram brjef frá Pálma Jónssyni um eftirgjald af Gufunesi á undanförnum árum. Málinu frestað.

6. Synjað beiðni frá Litlu- bílstöðinni um eftirgjöf á leigu fyrir bifreiðastæði.

7. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þar sem það býður greiðslu á 30% skuldum Gerðahrepps við bæjarsjóð vegna fátækraframfæris, gegn því, að afgangurinn falli burtu. Samþ. að taka tilboðinu, að því tilskyldu, að aðrir kröfuhafar fallist á sömu eftirgjöf.

8. Stjórn Íþróttasambands Íslands kom á fundinn og ræddi um sundmál bæjarins. - Bjarni Benediktsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
Bæjarráðið felur bæjarverkfræðingi að athuga fyrirkomulag sundhallarinnar og gera tillögur um þær breytingar, sem hann telur nauðsynlegar, svo að undirbúningi verði lokið, þegar fje er fyrir hendi, og sjeu þessar tillögur bornar undir stjórn Íþróttasambands Íslands áður en endanlega er frá þeim gengið. #

9. Lögð fram beiðni frá íbúum við Skólavörðustíg, Njarðargötu og Lokastíg um heitt vatn í hús þeirra.

10. Lagt fram erindi frá íbúum við Laufásveg um malbikun götunnar.

11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Sogamýri X. og Þvottalaugabletti XXXIV.

12. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIV.

13. Lagt fram erindi frá Byggingarfjelagi Verkamanna um leigulóðir undir hús, sem fjelagið ætlar að byggja. Málinu vísað til bæjarverkfræðings. #

14. Synjað beiðni frá Guðmundi Árnasyni, Baugsvegi 30, um leigulóð norðvestur af Grímsstaðaholti.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram brjef frá skilanefnd Flugfjelags Íslands um leigulóð eða erfðafestuland undir flugvarðarhúsið. Bæjarráðið synjar erindinu fyrir sitt leyti og vísar málinu til hafnarstjórnar.

16. Hafnað forkaupsrjetti að erðafestulandinu Þvottalaugabletti VIII.

17. Lagt fram erindi frá fulltrúaráði verklýðsfjelaganna um viðbótarland í Rauðhólum. Fellt með 3 : 2 atkv. að verða við beiðninni. Stefán Jóh. Stefánsson óskaði, að málinu yrði vísað til bæjarstjórnar.

18. Samþ. með 3: 2 atkv. að skipa eftirtalda menn í varalögregluna frá 25. þ.m.:

1. Ágúst Guðmundsson, Þórsgötu 10 B.
2. Julíus Páll Steindórsson, Laugarnesvegi 63.
3. Eiríkur Guðjónsson, Hallveigarstíg 8.
4. Sveinn Jónsson, Hverf. 73.
5. Gustaf A. Guðjónsson, Laugavegi 101.
6. Stefán Jakobsson, Barónsstíg 59
7. Pjetur Gíslason, Lokastíg 14
8. Ólafur Ágúst Thejll, Skól. 21
9. Sigurður Hallgrímsson, Ásvallagötu 16
10. Lárus Salómonsson, Laugavegi 18
11. Guðbjörn Jakobsson, Bergþórug. 37
12. Björn Kristján Gottskálksson
13. Brynjólfur Einarsson, Lokastíg 23
14. Gísli Hansson, Hverf. 88 B
15. Jón Gissurarson, Spítalastíg 6
16. Steingrímur Sveinsson, Laug. 159 A.
17. Gísli Jóhannsson, Laug. 49 B
18. Ingvi Hannesson, Grett. 34
19. Vernharður Jónsson, Leifsg. 23
20. Ásgeir Guðmundsson, Gróðrarstöðinni.
21. Karl Helgi Vigfússon, Njálsgötu 51
22. Marinó Kristinsson, Frakk. 6 A
23. Gísli Kristjánsson, Mím. 2
24. Guðni Jónsson, Nönnug. 4
25. Georg Þorsteinsson, Ásvallagötu 31
26. Þorgeir Jónsson, Sunnuhvoli
27. Sigurður Ingi Sigurðsson, Rauðará.
28. Þórarinn Söbeck, Skólavörðustíg 22.
29. Tryggvi Hjálmarsson, Bergþórug. 25.
30. Tryggvi Árnason, Laugavegi 126.
31. Sigurður Waage, Bergstaðastræti 55.
32. Ólafur Pálsson, Laugavegi 27 B.
33. Valdimar Þorsteinsson, Barónsstíg 41.
34. Helgi Thorarensen, Lokastíg 13
35. Guðni G. Sigurðsson, Laugavegi 138.
36. Karl Friðriksson, Valhöll við Suðurgötu.
37. Guðmundur Gíslason, Reykjavíkurvegi 5
38. Guðmundur Sigurðsson, Bergstaðastræti 3 B
39. Páll Guðjónsson, Laugarnesvegi 77.
40. Haraldur Jensson, Lindarg. 41.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller . Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 27. apríl, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá Frímanni Einarssyni um kaup á býli og bústofni handa honum. Málinu vísað til fátækrafulltrúa.

2. Lögð fram beiðni frá Felix Guðmundssyni um að hann fái endurgjaldlaust bílstæði við Austurvöll. Samþ. með 3:2 atkv. að verða við beiðninni. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

3. Lögð fram skýrsla um Alþýðubókasafnið.

4. Lögð fram beiðni frá Láru Pálsdóttur um að kaup hennar við Alþýðubókasafnið verði hækkað upp í kr. 300.oo á mánuði frá síðustu áramótum að telja. - Samþ. að verða við beiðninni.

5. Synjað beiðni frá Halldóri Eiríkssyni, Fálkagötu 4, um 2000 kr. lán úr bæjarsjóði til húsbyggingar.

6. Lagður fram aðalreikningur Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir árið 1933.

7. Samþ. að veita Helgu Arngrímsdóttur, Brekkustíg 11, umsjónarstarfið við barnaleikvöllinn við Grettisgötu.

8. Synjað beiðni frá Leikfjelagi Reykjavíkur um 1500 króna styrk úr bæjarsjóði vegna heimsóknar tveggja danskra leikenda.

9. Lögð fram beiðni frá Hljómsveit Reykjavíkur um 1200 kr. styrk úr bæjarsjóði til þess að halda 5 alþýðusýningar á Meyjarskemmunni. - Meiri hluti bæjarráðs leggur til, að hljómsveitinni verði veittur 750 króna styrkur til þessa.

10. Lagt fram brjef frá eigendum eignarinnar nr. 9 við Brunnstíg, þar sem þeir bjóða bæjarsjóði eignina til kaups fyrir kr. 30000. Málinu vísað til bæjarverkfræðings. #

11. Samþ. að leggja til ókeypis rafmagn til upphitunar í búningsklefa íþróttavallarins, meðan sumartaxti rafmagnsveitunnar gildir.

12. Synjað beiðni frá h/f. Hampiðjan um leyfi til að reisa verksmiðjubyggingu á túnbletti á Bráðræðisholti og nota blettinn með sömu kjörum og núverandi erfðafestuhafi. Bæjarverkfræðingi falið að benda fjelaginu á hentugan stað til byggingarinnar. #

13. Synjað beiðni frá Sigurberg Einarssyni um leiguland við Elliðavatn undir sumarhús. Bæjarverkfræðingi og fátækrafulltrúum falið að athuga um stað undir skúrinn. #

14. Lagt fram erindi frá íbúum við Laugarásveg um að vatnsæð verði lögð í götuna.- Bæjarverkfræðingur áætlar, að verkið muni kosta ca. 15000 krónur. Málinu frestað til fjárhagsáætlunar.

15. Lagt fram brjef frá Hannibal Sigurðssyni, Mímisvegi 4, þar sem farið er fram á, að lagður verði akfær vegur að erfðafestulandi hans, Kleppsmýrarbletti XI. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagðar fram beiðnir um erfðafestulönd frá Sigurþóri Guðmundssyni, Hverfisgötu 98, og Sveini Ingvarssyni, Fálkagötu 2 1 . Málinu frestað.

17. Samþ. að leigja Fjáreigendafjalagi Reykjavíkur girðingu bæjarins í Breiðholtslandi, norðan Útvarpsstöðvarvegar, með sömu kjörum og að undanförnu.

18. Samþ. að veita Halldóri Pálssyni 600 króna styrk til þess að standast kostnað við rekstur mótorhjóls þess, er hann notar við starf sitt hjá bænum.

19. Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu:

" Bæjarráðið leggur til við bæjarstjórn, að borgarstjóra sje haimilað að selja Meyvant Sigurðssyni byggingarnar á Eiði fyrir kr. 9800.oo og láta þriggja hektara erfðafestuland fylgja húsunum. Á þessu ári skal kaupandi framkvæma aðgerð á húsunum og leggja vatns- og rafmagnsleiðslu að þeim, allt á sinn kostnað, en greiði síðan kaupverðið á 15 árum með jöfnum afborgunum og 6% vöxtum. Fyrsta greiðsla skal fara fram 1. maí 1935. Samþ. með 3:1 atkv.

20. Bæjarráðið samþykkir að Helga Sigurðardóttir haldi matreiðslunámskeið í skólaeldhúsi Austurbæjarskólans í maímánuði, með sömu kjörum og fyrri námskeið hennar.

21. a. Samþ. að selja eftirtöldum mönnum þessar lóðir við ónefnda götu vestan Garðastrætis, samhliða því:

nr. 3 Jón Ófeigsson og Rögnvaldur Þorsteinsson.
- 5 Axel Böðvarson.
- 7 Jón Sigurðsson skrifstofustj. Alþingis.
- 9 Jón Halldórsson - í Landsbankanum.
- 11 Kjartan Ólafsson, rakari.

b. Samþ. að selja eftirtöldum mönnum þessar lóðir við Garðastræti.:

nr. 38 Sv. A. Johnsen.
- 40 Tómas Tómasson, Garðastræti 8.

Ennfremur var samþ að úthluta fríkirkjusöfnuðinum lóðinni nr. 36 við sömu götu og dómkirkjusöfnuðinum nr. 42 við sömu götu fyrir prestsbústaði.

c. Samþ. að selja Siggeiri Einarssyni lóðina nr. 7 við Túngötu og láta Sigurð Sigurðsson skipstjóra fá lóðina nr. 39 við sömu götu.

22. Stefán Jóh. Stefánsson bar fram tillögu um, að endurskoðun væri látin fara fram á kjörskránni. Var það fellt með 3:2 atkv.

23. Útsvarsmál:

Guðmundur Jónsson, Grett. 23, Þorbjörg M. Jónsdóttir, Ólafshúsi við Bakkastíg, Vigfús Guðbrandsson, klæðskeri, Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, Þing. 18, Margrjet Þorsteinsdóttir, Sellandsstíg 32, Sigríður Snæbjarnardóttir, Amtmannsstíg 4, Magnús Pjetursson, hjeraðslæknir, Axel Sigurðsson, Barónsstíg 41, Tómas Petersen, Slippfjelaginu, Ólafur Proppé, Ltd. Eiríkur Leifsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.
Jón Axel Pjetursson.
Bjarni Benediktsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 4. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá forstöðukonu barnaheimilisins Sólheimar í Grímsnesi til formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

2. Lagður fram listi frá bókaverði Alþýðubókasafnsins yfir bækur, sem hann leggur til að keyptar verði handa safninu.- Samþ. að kaupa bækurnar.

3. Samþ. að lengja útboðsfrest fyrir tilboð í vjelskip og mótorvjelar, samkv. auglýsingu 26. marz s.l., til 22. maí kl. 10 árdegis.

4. Synjað beiðni frá Hjálpræðishernum um eftirgjöf á fasteignagjöldum.

5. Lögð fram ýms skjöl vegna yfirmats á landi The Harbour and Piers Association við Skerjafjörð.

6. Samþ. að leigja Sæmundi Pálssyni, Mjölnisvegi 44, lóðina nr. 74 við Hringbraut.

7. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabletti V.

8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVIII.

9. Samþ. að leyfa Friðriki C. Pálssyni að byggja inngönguskúr úr timbri við íbúðarhúsið á Kleppsmýrarbletti XIII.

10. Samþ. að leyfa Steingrími Jóhannssyni að flytja skúr af lóðinni nr. 22 við Vitastíg á Kringlumýrarblett XV.

11. Synjað beiðni frá Aðalsteini Björnssyni um leigulóð við Eiríksgötu.

12. Synjað beiðni frá Hersveini Þorsteinssyni um land til bygginga utan við bæinn.

13. Samþ. að láta Bjarna Árnason verkstjóra fá á erfðafestu landspildu meðfram Sogamýrarvegi og Kringlumýrarvegi 2400 ferm. að stærð.

14. Samþ. að selja Pjetri Guðmundssyni, Sjafnargötu 3, lóðina nr. 34 við Garðastræti.

15. Borgarstjóri skýrði frá, hvað liði samningum um makaskifti og sölu á lóðum við Hávallagötu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, mánudaginn 14. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá Einari P. Hjaltested, dags. 2. maí. Í tilefni af því ályktaði bæjarráðið, að það teldi sjálfsagt, að slík mál væru borin undir bæjarráð áður en endanleg ákvörðun væri tekin.

2. Lagðar fram tillögur frá Íþróttasambandi Íslands um sundmál bæjarins.

3. Samþ. að ráða Magneu Hjálmarsdóttur, Smáragötu 12, til þess að annast sundkenslu telpna við sundlaugarnar í vor. Ákveðið að kenslan skuli fara fram með sama hætti og síðastliðið sumar og greitt sama kaup og þá.

4. Lögð fram beiðni frá Oddi Sigurgeirssyni um að vatn verði lagt í bæ hans.

5. Hafnað boði frá Margrjeti Árnason um kaup á lóð í Skildinganeshólum undir barnaskóla.

6. Samþ. að leigja Valdimari Þorsteinssyni, Barónsstíg 41, lóðina nr. 10 við Egilsgötu.

7. Samþ. að leigja Steindóri Þorsteinssyni, Barónsstíg 49, lóðina nr. 49 við Egilsgötu.

8. Samþ. að leyfa Jósep S. Húnfjörð að byggja alifuglahús á erfðafestulandinu Bústaðabletti XVII.

9. Lagt fram brjef frá Trolle & Rothe h.f. um slysabætur til Gríms Ásgrímssonar.

10. Samþ. að selja Jónasi Hvannberg lóðina nr. 38 við Garðastræti, sem Sv. A. Johansen hefir afsalað sjer.

11. Lögð fram ályktun frá fundi hafnarverkamanna í Verkamannaskýlinu 5. maí 1934.

12. Lagðar fram tillögur Arngríms Kristjánssonar frá bæjarstjórnarfundi 3. maí um heimavistarskóla fyrir veikluð skólabörn.- Málinu vísað til skólanefndar til umsagnar og sjerstaklega óskað upplýsinga um tölu veiklaðra skólabarna og heimilisástæður þeirra.

13. Samþ. að mæla með beiðni frá Elínu Jónsdóttur, Baldursgötu 32, um veitingaleyfi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstjóri

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson. Bjarni Benediktsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 18. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að verða við beiðni Einars Hjaltested um að honum verði slept af Vinnuhæli ríkisins á Litla- Hrauni.

2. Samþ. að fara þess á leit við lögreglustjóra, að Magnús Bjarnason, Bergstaðastræti 9, verði úrskurðaður á Vinnuhæli ríkisins á Litla- Hrauni til þess að afplána meðlög með óskilgetnu barni.

3. Fellt með 3 :2 atkv. að greiða fráskilinni konu Stefáns Árnasonar framlag samkvæmt skilnaðarleyfisbrjefi, en samþ. að hækka styrk til hennar um kr. 25.00 á mánuði.

4. Lagt fram brjef frá Hans Steinasyni, Laugavegi 30 B, dags. 27. f.m. Fátækrafulltrúum falið að ráða fram úr málinu.

5. Samþ. að veita Gísla Jónssyni, Bergi, 285 króna styrk.

6. Út af erindi frá Frímanni Einarssyni gáfu fátækrafulltrúarnir þær upplýsingar, að eiganda býlisins muni vera mjög nauðugt að fara þaðan.

7. Lagt fram brjef frá mæðrastyrksnefndinni þar sem farið er fram á, að nefndinni verði veitt tiltekin fjárupphæð til úthlutunar. Fellt með 3:2 atkv. að verða við erindinu.

8. Lagt fram brjef frá Jóni B. Jónssyni viðvíkjandi vinnuúthlutun.

9. Lagt fram brjef frá heilbrigðisfulltrúa um kaup á tveim bílum til sorphreinsunar. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Samþ. að leigja Gísla Guðmundssyni ritstj. lóðina nr. 76 við Hringbraut.

11. Samþ. að leigja Símoni Símonarsyni, Nönnugötu 3 A, lóðina nr. 70 við Hringbraut.

12. Samþ. að leigja Þorvaldi Jónssyni, Grettisgötu 37, lóðina á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu

13. Lagt fram brjef frá Sesselju Stefánsdóttur um kaup á húseigninni nr. 1 við Fischersund..

14. Erindi frá Hannibal Sigurðssyni, Mímisvegi 4, frestað til fjárhagsáætlunar.

15. Samþ. að leigja H/f. Hampiðjan lóð við fyrirhugaða götu milli Mjölnisvegar og Þvergötu, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings. Lóðin er leigð til 40 ára og leigan metin af lóðamatsnefnd á venjulegan hátt.

16. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabletti IX.

17. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti III.

18. Samþ. að leyfa Högna Halldórssyni að byggja gripahús og hlöðu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XII. ca. 305 ferm. að stærð.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþ. að leigja Skafta Ólafssyni og Benedikt Jónssyni ca. 1 ha. land ofan við land þeirra við Köllunarklettsveg., Landið er leigt til þess að þurka á því fiskafurðir, til 1 árs gegn 50 kr. ársleigu.

20. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um háspennulínu að hressingarhælinu í Kópavogi. Málinu vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

21. Lagðir fram listar frá bókaverði Alþýðubókasafnsins um kaup á bókum til safnsins.

22. Samþ. að selja Jakob Möller 24.9 ferm. viðbót við lóð hans nr. 2 við Hólatorg fyrir 21 kr. ferm., Jónasi Magnússyni, lóðina nr. 3 við Hávallagötu, sem verður 437 + 73,1 ferm. á 18 kr. ferm. , Jóhanni Jóhannessyni lóðina nr. 5, sem verður 437 + 40,1 ferm. , á 18 kr. ferm., Sigurði Ámundasyni lóðina nr. 7, 565.4 ferm., þar af greiðir hann 212,6 ferm. í makaskiptum, en afgangrinn 352.8 ferm. greiðir hann með 18 kr. pr. fermeter, Kristni Sigurðssyni verði seld lóðin nr. 17, 305.2 ferm. , þar af greiðir hann 104,1 ferm. í makaskiptum, en afganginn, 201,1 ferm. greiði hann með 19kr. pr. ferm.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson,
settur borgarstjóri

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Axel Pjetursson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 19 34, föstudaginn 25. maí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að veita Högna Högnasyni, Þvervegi 40, 600 króna lán.

2. Synjað beiðni frá oddvita Vatnsleysustrandarhrepps um að bæjarsjóður greiði húsaleigu fyrir Guðna Stígsson, Kárastíg 13 B.

3. Synjað beiðni frá Björnfríði Benjamínsdóttur, Bergstaðastræti 53, um hjálp til að halda húseign.

4. Synjað beiðni frá Guðbirni Ásmundssyni, Laugarnesvegi 69, um lán úr bæjarsjóði.

5. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að semja um leigu á laxveiði í Elliðaánum í sumar.

6. Hafnað tilboði frá skilanefnd h/f. Ísfjelagsins við Faxaflóa um kaup á eigninni nr. 10 C við Tjarnargötu fyrir kr. 75000,oo.

7. Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

   Bæjarráðið felur borgarstjóra að vinna að því að byrjað verði hið allra bráðasta á vinnu við Sogsveginn, með svo mörgum mönnum, sem unnt er að koma þar að, enda verði verkamönnum, sem þar vinna, ekki greitt lægra kaup en goldið var við þessa vinnu á síðastliðnu sumri.

   Tillaga þessi var samþykkt með samhlj. atkv.

8. Samþ. að mæla með umsókn frá Þórdísi Toddu Jónsdóttur, Laugavegi 8, um veitingarleyfi.

9. Samþ. að mæla með umsókn frá Ólafi R. Ólafs, Vesturgötu 16, um veitingaleyfi.

10. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyti að leyfa Karlakór Iðnaðarmanna að hafa söngæfingar í Austurbæjarskólanum 2 - 3 í viku.

11. Synjað beiðni frá Finnboga Eyjólfssyni um eftirgjöf á leigu fyr-ir bifreiðastæði.

12. Borgarstjóra falið að afgreiða tillögu um bókakaup til Alþýðubókasafnsins.

13. Lagt fram brjef frá Pjetri Halldórssyni, Túngötu 38, um leiguland í Eiðislandi. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

14. Útsvarsmál.

Lárus Jóhannesson, hrm.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Oddsson. Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 1. júní, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Teknar fyrir tillögur um virkjun Sogsins, sem vísað var til bæjarráðs á síðasta bæjarstjórnarfundi. Borgarstjóri bar fram svohljóðandi breytingartillögu við síðari tillöguna:
   Á eftir orðinu " undirrita" komi: lánssamning, svo og til að undirrita.

   Tillaga þessi var samþykkt með samhlj. atkv.

2. Lagt fram brjef frá Valdimari Bjarnasyni, Framnesvegi 42, Ingvari Einarssyni og Guðna Ingvarssyni þar sem þeir fara fram á , að þeim verði veitt ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 20 þús. króna láni úr Fiskiveiðasjóði Íslands, sem tryggt verður með 1. veðrjetti í 50 smálesta mótorskipi, sem þeir ætla að kaupa frá Noregi.

   Borgarstjóra var heimilað að láta ábyrgðina í tje, að fengnum nánari upplýsingum.

3. Lagt fram brjef frá Cornilíusi Sigmundssyni þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði heimilað að taka möl og sand í Gufuneslandi til byggingar móttökustöðvar þar, gegn hæfilegu gjaldi.
   Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

4. Samkvæmt tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að fela slökkviliðsstjóra, í samráði við rafmagnsstjóra, að gera endanlegan uppdrátt að aukningu húsnæðis fyrir rafmagnsveituna.

5. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að semja við ríkisstjórnina um kaup á háspennulínunnu til Vífilsstaða enda verði jafnframt takmörk orkuveitusvæðis Reykjavíkur að sunnanverðu ákveðin þannig, að Vífilsstaðir verði þar innanvið.

6. Lagt fram brjef frá Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni hrm. þar sem þeir skýra frá, að samkvæmt kröfu Kolbeins Guðmundssonar verði jörðin Úlfljótsvatn með vatnsrjettindum seld á nauðungaruppboði, sem fram á að fara 2. júlí n.k.
   Bæjarráðið leggur til, að bæjarráðinu verði falið að mæta eða láta mæta við uppboðsgjörðina með fullu umboði fyrir bæjarstjórnina.

7. Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi Verkamanna þar sem farið er fram á, að fjelaginu verði selt byggingarefni, sandur og mulningur, með afslætti. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

8. Samþ. að verja þeim 50 þús. kr., sem ætlaðar eru til nýrra gatna í fjárhagsáætlun þessa árs, til þess að gera upp Skólavörðustíg.

9. Samþykkt að breidd Hofsvallagötu, milli Túngötu og Hringbrautar, skuli vera 15 metrar.

10. Samþ. að leiguskilmálar um leigulóð Einars Magnússonar við Skúlagötu skuli vera þeir sömu og um lóðina næsta fyrir austan

11. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti VIII

12. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti VI.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXX.

14. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sóga bletti III.

15. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Bústaðabletti IV.

16. Samþ. að leigja Sveini Þórðarsyni, Bræðraborgarstíg 36, og Ólafi Jónssyni, Bræðraborgarstíg 23, lóð við Túngötu, fyrir vestan þá lóð, sem Sigurður Sigurðsson hefir fengið á leigu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 8. júní, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að mæla með umsóknum frá Ingunni Guðmundsdóttur, Grettisgötu 35, og Kristínu Sigurlínu Hafliðadóttur, Stýrimannastíg 6, um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

2. Samþ. að löggilda Eirík Helgason, Hverfisgötu 90, sem rafvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík.

3. Synjað beiðni frá Magnúsi Magnússyni, Frakkastíg 20, um hækkun á eftirlaunum.

4. Samþ. að taka eftirtalda menn á kjörskrá við alþingiskosningar 24. júní n.k.:
   1. Ólafur Jónssom, Þórsgötu 19.
   2. Stefanía Ingigerður Marteinsdóttir, Njálsg. 65 og

ennfremur 66 menn samkv. skrá frá Jóhanni H. Jóhannssyni. Samkvæmt þeirri skrá var ennfr. samþ. að fella burtu tvö nöfn af kjörskránni.

5. Skipun undirkjörstjórna við alþingiskosningar 24. júní, og skipting kjósenda í kjördeildir. Verður hvorttveggja fært inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni.- Borgarstjóra var falið að skipa varamenn í undirkjörstjórnir í stað þeirra, sem kunna að forfallast.

6. Samþ. að leigja Guðl-augu Guðmundsdóttur, Hverfisgötu 91, lóðina nr. 14 við Leifsgötu, sem Hávarður Valdimarsson hefir afsalað sjer.

7. Samþ. að leigja Úlfari Bergssyni, Laugavegi 40, 10 metra breiða spildu austan við lóð hans við Þvergötu, með sömu skilmálum og aðallóðina.

8. Samþ. að framlengja um eitt ár leigusamning h/f. Nafta um landsspildu á Melunam undir benzíngeymslu.

9. Borgarstjóri skýrði frá því, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefði enn eigi tekist að fá samkomulag við landsímastjóra um leigu á landsspildu úr Gufuneslandi undir móttökustöð fyrir talsamband við útlönd, og teldi hann litlar líkur til að samkomulag næðist um þetta hjeðan af, því að landsímastjóri hjeldi nú fast fram kröfum um miklu víðtækari rjettindi yfir landinu en upphaflega hefði verið umtalað, og leigutilboð bæjarstjórnar miðað við, þará meðal um ræktunar - rjettinn að landinu, sem eigi hefði verið farið fram á í upphafi. Út af þessu hefði borgarstjóri að svo stöddu lagt bann við að landsíminn byrjaði á byggingum eða mannvirkjum á þessu landi . Hinsvegar lægi nú fyrir fyrirspurn frá hlutaðeigandi ráðherra um það, hvort bærinn vildi selja landssímanum umrædda spildu, og gera tilboð um söluverð.

Samþ. að fela borgarstjóra að leita álits lóðamatsnefndar um hæfilegt söluverð.

10. Synjað beiðni frá Magnúsi Sigurðssyni um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásbletti XI.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lögð fram beiðni frá Byggingarfjelagi Verkamanna um afslátt af sandi og mulningi til bygginga. Tillaga frá Stefáni Jóh. Stefánssyni um að veita 10% afslátt felld með 3:2 atkv. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

12. Samþ. að greiða Íþróttasambandi Íslands kr. 1800.oo af gjaldlið III.3 til læknisskoðunar á íþróttamönnum.

13. Lagt fram brjef frá Ragnari Jónssyni lögfr. um mælingu lóðarinnar nr. 50 við Laugaveg, ásamt umsögn lóðaskrárritara. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Lagt fram erindi frá Tómasi Tómassyni, Garðastræti 8, um skaðabætur fyrir ranga mælingu fyrir húsi. Erindinu synjað.

15. Rætt um skólastað í Laugarneshverfinu. Borgarstjóri lagði til, að skólanum yrði áætlaður staður á óútvísuðu landi bæjarins við Reykjaveg, næst fyrir sunnan land fiskverkunarstöðvarinnar Álfheimar.
Tillagan samþ. með samhlj. atkv.

16. Jón Axel Pjetursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarráðið felur borgarstjóra að leita upplýsinga um það, hvort hægt muni að fá, og þá með hvaða kjörum, vátryggingar á húsum bæjarmanna vegna skemda eða eyðileggingar af völdum jarðskjálfta, og leggja þær athuganir síðan fyrir bæjarráð.

Tillagan samþ. með samhlj. atkv.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur um skipun undirkjörstjórna 24. júní 1934:

I. Kjördeild: Indriði Einarsson, rith., Tjarnarg. 3 C
Soffía Ingvarsdóttir, frú, Smárag. 12
Baldur Sveinsson, bankar., Smiðjust. 11

II. --"-- Steingrímur Guðmundsson, cand. phil., Laug. 143
Anna Þorvaldsdóttir, skrifari, Ásvallag. 9
Einar Ingimundarson, verzl., Ing. 10

III. --"-- Páll Jónsson, verzl., Þing. 35
Ingibjörg Sigurðardóttir, kennari, Þing. 7
Jón Guðnason, fisks., Berg. 44

IV. --"-- Gestur Pálsson, lögfr., Amt. 4
Guðrún Sigurðardóttir, frú, Hað. 8
Andrjes Bergmann, gjaldk., Ljós. 24

V. --"-- Steindór Gunnlaugsson, lögfr., Bar. 65
Guðrún Benediktsdóttir, frú, Freyjug. 3
Tómas Albertsson, vjels., c/o Alþýðuprentsmiðj.

VI. --"-- Einar Thorlacius, fyrv. prestur, Ásv. 7
Guðrún J. Briem, frú, Tjarn. 28
Einar Hermannsson, prent. Brekk. 3

VII. --"-- Sigurður Þorsteinsson, verzl. Berg. 52
Elísabet Einarsdóttir, frú, Blómv. 11
Sveinn Helgason, prent. Mjöln. 46

VIII. --"-- Ólafur Sveinbjörnsson, lögfr. Freyjug. 47
Snorra Benediktsdóttir, ungfr., Fjölńg. 1
Haraldur Norðdahl, tollþj., Berg. 66

IX. --"-- Ásgeir Ásgeirsson, bókari, Rauð. 3
Ingunn Zoega, frú, Laug. 56
Jón Bach, Þórsg. 12

X. --"-- Ari Ó. Thorlacius, endurskoðari, Tjarn. 41
Guðný Þorvaldsdóttir, Ásvallagötu 1
Sveinbjörn Sigurjónsson, kennari, Smár. 12

XI. --"-- Tómas Guðmundsson, lögfr. c/o Hagstofan
Anna Guðmundsdóttir, ungfrú, Von. 8
Guðmundur Halldórsson, prent., Bar. 10 B

XII. -"-- Magnús Jochumsson, póstftr., Vest. 7
Guðmunda Jónsdóttir, verzl., Laug. 77 B
Magnús Guðbrandsson, bókari, Þórsg. 17

XIII. --"-- Arnljótur Jónsson, lögfr., Mím. 2
Sigríður Pjetursdóttir, frú, Stýr. 6
Sveinn Jónsson, kaupm., Kirk. 8 B

XIV. --"-- Freymóður Þorsteinsson, lögfr., Stýr. 5
Anna Sigurðardóttir, verzl., Lauf. 19
Guðmundur R. Ólafsson, blaðam., Týsg. 4 C

XV. --"-- Björn Sveinsson, bókari, Tjarn. 10
Guðrún Árnadóttir, verzl., Kirkt. 4
Guðjón Eiríksson, póstþj., Njálsg. 2

XVI. --"-- Elís Ó. Guðmundsson, verzl. Grett. 83
Anna Stefánsdóttir, skrif., Hað. 12
Kristján Bjarnason, innheimtum., Berg. 43 B

Borgarstjórinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| XVII. Kjördeild: | Alfred Gíslason, lögfr., Öld. 59<br>Margrjet Steindórsdóttir, frú, Bar. 5<br>Valdimar Helgason, skrif., Tjarn. 20 |
| XVIII. --"-- | Eggert Bachmann, bankar., Bjark. 12<br>Jónína Jónatansdóttir, frú, Lækj. 12 A<br>Jóhannes Kristjánsson, rafv., Sól. 2 |
| XIX. --"-- | Helgi Sigurðsson, verkfr., Berg. 50 A<br>Ragnheiður Jónsdóttir, bankar. Aðalstr. 9<br>Pálmi Jósefsson, kennari, Freyjug. 46 |
| XX. --"-- | Þorvarður Þorvarðarson, bankar. Lauf. 41<br>Sigríður Ólafsdóttir, frú, Bergþ. 6<br>Bent Bjarnason, c/o Garðar Gíslason |
| XXI. --"-- | Jóhann Skaftason, lögfr. c/o Olíuverzl. Íslands<br>Helga Teitsdóttir, skrif., Sól. 12<br>Sigurjón Ottesen, skrif. Hverf. 102 A |
| XXII. --"-- | Sigurður Grímsson, lögfr., Bjarnarst. 7<br>Guðný Sigmundsdóttir, skrif. Grett. 17<br>Tryggvi Guðmundsson, gjaldkr., Bár. 7 |
| XXIII. --"-- | Gunnar Þorsteinsson, lögfr., Sól. 2<br>Rannveig Thorberg, ungfr., Rán. 8<br>Magnús Jónsson, tollþj., Sól. 13 |
| XXIV. --"-- | Sveinn J. Sigurðsson, ritstj., Nýl. 24 B<br>Brynhildur Stefánsdóttir, skrif. Grund. 4 A<br>Marteinn Magnússon, kenn., Baugsv. 3 |
| XXV. --"-- | Hjörtur Hansson, kaupm. Aðalstr. 18<br>Laufey Valdimarsdóttir, ungfr., Þing. 18<br>Guðmundur Gamalíelsson, bóksali, Lækj. 6 A |
| XXVI. --"-- | Sæmundur Bjarnhéðinsson, próf., Hverf. 46<br>Margrjet Einarsdóttir, Laugarnesspítala.<br>Gísli Þorbjarnarson, innh., Berg. 36 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skipting kjósenda í kjördeildir við alþingiskosningar 24. júní 1934:

| Kjördeild: | |
| --- | --- |
| I. | A - Arnheiður |
| II. | Árni - Betzy |
| III. | Biering - Cortes |
| IV. | Daði - Elka |
| V. | Ella - Grímur |
| VI. | Gróa - Guðmundsson |
| VII. | Guðmundur - Guðríður |
| VIII. | Guðrún |
| IX. | Guðsteinn - Haralz |
| X. | Haukdal - Höydal |
| XI. | Ida - Jason |
| XII. | Jenny - Jón Ivarsson |
| XIII. | Jón Jakobsson - Jörundur |
| XIV. | Kaaber - Kristín Runólfsdóttir |
| XV. | Kristín Samúelsdóttir - Löve |
| XVI. | Maack - Margrímur |
| XVII. | María - Ólafson |
| XVIII. | Ólafur - Petrún |
| XIX. | Pjetur - Sigrid |
| XX. | Sigríður - Sigtryggur |
| XXI. | Sigurást - Sigþrúður |
| XXII. | Símon - Svanhvít |
| XXIII. | Svanlaug - Valgeir |
| XXIV. | Valgerður - Þórdís |
| XXV. | Þórðarson - Örvar |
| XXVI. | Lauganesspítali |

Borgarstjórinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 15. júní, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá Jóni Klemenssyni um hækkun á styrk. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

2. Synjað beiðni frá Magnúsi Jónssyni, Undralandi, um 600 kr. lán til hestakaupa.

3. Synjað beiðni frá Magnúsi Gíslasyni, Sólstöðum, um styrk til að kaupa flutningsbíl.

4. Synjað beiðni frá Frímanni Einarssyni um hjálp til að kaupa býlið Sólheimar í Mosfellssveit.

5. Lagt fram frumvarp að samningi við A.B. Berdal um framhald á ráðunautsstarfi hans vegna Sogsvirkjunarinnar. Bæjarráðið samþykkti frumvarpið, þó með ósk um nokkra breytingu á 8. gr.

6. Synjað beiðni frá Ragnheiði Loftsdóttur, Bjarnarstíg 12, um leyfi til að selja erlenda ávexti í sambandi við torgsölu á blómum og grænmeti.

7. Lagt fram brjef frá Lárusi Fjeldsted hrm. f.h. Kristínar Egilsdóttur um endurgjald fyrir erfðafesturjett að Ullarstofutúni. Jafnframt er farið fram á, að Kristín Egilsdóttir fái lóðina nr. 9 við Túngötu. Samþ. að gefa henni kost á þessari lóð samkv. skilmálunum um lóðasölu til íbúðarhúsabygginga.

8. Samþ. að selja Silla & Valda lóðina nr. 41 við Bræðraborgarstíg til þess að byggja á hanni verzlunarhús. Söluverð sje ákveðið af lóðamatsnefnd og greitt við undirskrift afsals.

9. Samþ. að gefa Daníel Fjeldsted lækni kost á að fá vatn í erfðafestuland sitt Fossvogsblett XLI, eftir mæli, enda leggi hann sjálfur til mæli og leggi leiðslur eftir tilvísun bæjarverkfræðings.

10. Samþ. að leigja Haraldi Sveinbjarnarsyni lóð undir bifreiðaverkstæði milli Þvergötu og Mjölnisvegar eftir tilvísun bæjarverkfræðings. Lóðin er leigð til 30 ára og leigan ákveðin af lóðamatsnefnd.

11. Lagt fram brjef frá Sigurgeiri Einarssyni um forgarða húsa við Garðastræti. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

12. Ólafur Pálsson, Eiríksgötu 21, afsalar sjer leigurjetti að lóðinni nr. 4 við Leifsgötu.

13. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi nokkurra vörubifreiðastjóra, dags. 5. apríl.

14. Samþ. að leyfa Óskari Gíslasyni að byggja geymsluhús úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabletti XX.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson,
Guðm. Ásbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson,
Bjarni Benediktsson, Jón Axel Pjetursson,
Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, miðvikudaginn 20. júní, kl. 10 árdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram tillaga frá A.B. Berdal um að rafmagnsveitan f.h. Sogsvirkjunarinnar leggi fram helming kostnaðar við að full - gera vegakaflann frá Heiðará meðfram Sogi að Mölvíkum við Þingvallavatn. Vegalengdin er 5.19 km. og áætlaður kostnaður kr. 71000.oo.

Tillagan samþykkt með samhlj. atkv., að því tilskyldu, að Reykjavíkurbúar verði látnir sitja fyrir atvinnu við vega- gerðina og verkið verði hafið nú þegar.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða kr. 3040.oo af óvissum gjöldum til sumardvalahælis Oddfellowa til þess að gera þeim mögulegt að taka 19 börn til sumardvalar þar til viðbótar þeirri tölu, sem áður hefir verið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson,

Guðm. Ásbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson ,

Bjarni Benediktsson, Jón Axel Pjetursson,

Jakob Möller.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð

Árið 1934, föstudaginn 22. júní, kl. 5 síðdegis, elt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

Samþ. að leggja til við bæjarstjórnina, að ríkinu verði gefinn kostnr á að kaupa 100 ha. spildu úr Gufuneslandi fyrir kr. 35000.oo.

Samþ. að selja Ársæli Brynjólfssyni, Vesturgötu 68, lóðina nr. 3 A við Seljaveg.

Samþ. að selja Ársæli Jóhannssyni, Fjólugötu 23, lóðina nr. 46 við Garðastræti.

Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VII.

Samþ. að leyfa Kristjáni Jóhannssyni að byggja útihús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIII.

Synjað umsókn Guðlaugs Ásgeirssonar, Njálsgötu 42, um meðmæli til veitingaleyfis.

Samþ. að leyfa blómaverzluninni Flóru að selja blóm og nýtt grænmeti á Lækjartorgi á föstudögum.

Samþ. að veita Kvennrjettindafjelagi Íslands 500 króna styrk til landsfundar kvenna.

Samþ. að veita Norræna fjelaginu 500 króna styrk til að taka á móti norsku drengjakóri.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 29. ~~maí~~ júní, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. aðverða við beiðni Haraldar Þ. Richter, Langholti, um veðleyfi, þannig, að hann megi taka 1600 króna lán út á annan veðrjett eignarinnar, er verði næst á undan 5000 króna veðskuld við bæjarsjóð.

2. Lögð fram tilkynning frá Samúel Ólafssyni um að hann hafi ákveðið að láta af fátækrafulltrúastarfinu á þessu sumri. Borgarstjóra var falið að auglýsa starfið laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara.

3. Lögð fram beiðni frá Tryggva Jónssyni, Kárastíg 11, um hjálp til að halda húseign. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

4. Samþ. að veita Magnúsi Jónssyni, Undralandi , 300 króna lán til hestakaupa.

5. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra, dags. 22. júní, þar sem farið er fram á, að greiddur sje úr bæjarsjóði reikningur að upphæð kr. 2452.oo fyrir tæki handa lögreglunni, sem keypt voru í febrúar 1933.
   Bæjarráðið samþykkir að vísa reikningnum frá, þar sem það telur hann bæjarsjóði óviðkomandi.

6. Samþ. að fela borgarstjóra að mæta fyrir bæjarins hönd á nauðungaruppboði á Ulfljótsvatni þann 2. júlí n.k., með fullu umboði samkvæmt samþykkt bæjarstjórnarinnar.

7. Samþ. með 3:1 atkv., að laun borgarritara skuli ákveðin kr. 9000.oo á ári.

8. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
   Bæjarráðið leggur til,að bæjarstjórn setji á stofn ráðningarskrifstofu fyrir atvinnuleitandi bæjarmenn, karla og konur, er taki til starfa í byrjun sept. þ.á. Forstöðumaður verði ráðinn svo snemma, að hann fái tíma til að kynna sjer tilhögun á slíkum ráðningarskrifstofum erlendis áður en skrifstofan tekur til starfa.
   Tillaga þessi var samþ. með samhlj. atkv.

9. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Sigurgeirs Einarssonar, dags. 11. júní.

10. Samþ. með 2:1 atkvæði að veita verkamönnum í sandnámu bæjarins eins dags frí með fullu kaupi. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

11. Synjað beiðni frá Alfred Jensen um leyfi til að taka ljósmyndir á götumbæjarins.

12. Lagðar fram teikningar af kapellu og bálstofu. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

13. Hafnað forkaupsrjettiað erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XV.

14. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti II.

15. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Fossvogsbletti X.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn.

16. Útsvarsmál: Jón Ragnars, Ása Viglundsdóttir, Týsgötu 4, Guðjón Vigfússon, Laugavegi 149, Gísli Jóh. Jónsson, Ingólfsstræti 16.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson,

Bjarni Benediktsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller, Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

GRÓ.

Hvort það er eftir sleppum borgarstjóra
eða ráðherra

St.Jóh.St. Afstaða Sjálfstfl. í bstj. ? [illegible]

6000 + dýrtíðaruppbót.

[illegible] sama.

Eftirlauna[illegible]

[illegible] tekjur – fulltrúa hjá [illegible]

Ráðn. skrifst.: [illegible] verkalýðsfélaganna.

Verkamenn bæjarins, sem lengi
standa á fætur

Aðeins einn

því sem er árlangt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 6. júlí, kl. 2. síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

Lagt fram brjef frá Útvegsbanka Íslands h/f. til borgarstjóra, dags. í dag, út af væntanlegri sölu á Úlfljótsvatni með vatnsrjettindum, ásamt veiðirjettindum í Efra-Sogi við Kaldárhöfða.

Samþykt var að fela borgarstjóra að mæta fyrir bæjarins hönd við nauðungaruppboð á þessum fyrgreindu eignum, sem fram á að fara í dag kl. 5 við Ölfusárbrú, með fullu umboði, í samræmi við samþykt bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson,

Bjarni Benediktsson, Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Bæjarráð

Ár 1934, mánudaginn 9. júlí kl. 5 síðd., hélt bæjarráð fund á skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Út af erindi heilbrigðisfulltrúa 17. maí 1934 og umsögn bæjarverkfræðings 4. júlí 1934 um kaup á 2 bílum til sorphreinsunar var samþ. með 3:2 atkv. tillaga borgarstjóra um að leigja bifreiðar til sorphreinsunar fyrst um sinn.

2. Samþ. að bjóða eiganda Melbæjar kr. 12500.oo fyrir eignina, lóð og byggingar.

3. Erindi byggingarsamvinnufélagsins "Félagsgarður", dags. 7. júlí, vísað til bæjarverkfræðings.

4. Samþ. að leigja Kassagerð Reykjavíkur lóð við Skúlagötu og Vitastíg eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, og að því tilskyldu að byggingarnefnd samþykki teikningar af byggingum á lóðinni.

5. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um uppdrætti af bálstofu. Bæjarverkfræðingi falin frekari athugun málsins í samvinnu við stjórn Bálfararfélags Íslands.

6. Erindi heilbrigðisfulltrúa 5. júlí um bráðabirgðanáðhúsið á eystri hafnarbakkanum vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Lögð fram bráðabirgðarskýrsla um rekstur Vetrarhjálparinnar 1933/34.

8. Lagður fram uppdráttur slökkviliðsstjóra af breytingum á húsum slökkvistöðvarinnar við Tjarnargötu, ásamt bréfi rafmagnsstjóra, dags. 9. júlí. Bæjarráð samþ. breytingarnar, enda greiði rafmagnsveitan kostnaðinn til bráðabirgða.

9. Lagðir fram frumdrættir að byggingu væntanlegs barnaskóla fyrir austurhverfi bæjarins (Laugarnes), ásamt lauslegri kostnaðaráætlun yfir bygginguna, sem nemur ca. 50 þús. kr. og gert ráð fyrir að auk þess þurfi um 5 þús. kr. fyrir húsbúnað og kennsluáhöld. Samþykkt var að halda áfram undirbúningi málsins, bjóða út bygginguna og reyna að koma upp hluta af húsinu næsta haust, svo hægt verði að halda þar uppi kennslu næsta vetur.

10. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 29. júní s.l., út af skuldaeftirgjöfum til Norðfjarðarhrepps.

11. Samþ. að mæla með að Chr. Berndsen og Guðríður Kristjánsdóttir fái veitingaleyfi hér í bænum.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Synjað beiðni Sjúkrahúss Hvítabandsins um eftirgjöf á dráttarvöxtum á fasteignagjaldi.

13. Hafnað forkaupsrétti á erfðafestulandinu Sogamýrar - bletti 55

14. Hafnað forkaupsrétti á erfðafestulandinu Kleppsmýrar-blettur XVII.

15. Lagt fram bréf frá Sigurði Ólafssyni rakara, þar sem hann býður bænum til kaups eign sína Brú og Brúarenda á Þormóðsstaðabletti fyrir skóla handa börnum á Grímsstaðaholti og í Skerjafirði. Erindinu vísað til skólanefndar til athugunar.

16. Samþ. að veita Guðmundi Nikulássyni leyfi til þess að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVI.

17. Samþ. að veita Chr. Mortensen leyfi til þess að byggja svínahús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kringlu - mýrarbletti XIX.

18. Samþ. að leigja Haraldi Guðmundssyni, Ljósvallagötu 10, lóðirnar nr. 17 og 19 við Leifsgötu til íbúðarhúsa - bygginga.

19. Lagt fram bréf frá Jóni V. Þorsteinssyni út af byggingu skýlis á Lækjartorgi.

20. Borgarstjóri skýrði frá, að hann hefði f. h. bæjarins orðið hæstbjóðandi í jörðina Úlfljótsvatn með vatns - réttindum fyrir 85 þús. kr. á nauðungaruppboði 6. þ. m.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Guðm. Ásbjörnsson — Stefán Jóh. Stefánsson

Bjarni Benediktsson — Jón Axel Pétursson

Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 13. júlí, kl. 5 síðd., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Synjað beiðni frá Sigurlínu Ragnhildi Bjarnadóttur, Þórsgötu 7 B, um 1200 kr. lán, sem tryggt yrði með veði í erfðafestulandi hennar Bakka í Mosfellssveit.

2. Fátækrafulltrúunum var falið að ráða fram úr fjárhagsvandræðum Sigurbergs Einarssonar, út af tilkynningu lögmanns um uppboð á húseign hans við Laugarnesveg.

3. Samþykkt að tilkynna Halldóri Sveinssyni, að bærinn telji erfðafestulandið Sogamýrarblett XXXVII fallið aftur til bæjarins, þar sem hann hefir ekki fullnægt erfðafestuskilmálum.

4. Erindi Pjeturs Guðmundssonar kaupmanns, dags. 9. júlí þ.á. um kaup á lóð við Traðarkotssund var synjað.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhanna Egilsdóttir

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð

Árið 1934, föstudaginn 20. júlí, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram beiðni frá Mæðrastyrksnefndinni um 400 kr. styrk til skýrslusöfnunar og ennfremur einhvern styrk til skrifstofuhalds.
   Erindinu synjað með 3:2 atkv.

2. Samþ. að leigja Valtýr Blöndal lóðina nr. 43 við Túngötu.

3. Samþ. að leigja Valdimari Jónssyni, Njálsgötu 77, lóðina nr. 85 við Grettisgötu.

4. Samþ. að leigja Baldvini Halldórssyni, Barónsstíg 57, og Sigurði Sigurðssyni, Leifsgötu 3, lóðina nr. 61 við Bergþórugötu.

5. Samþ. að leyfa Guðmundi Sigurðssyni, Sólbakka við Laugarnesveg, að stækka fuglahús á leigulandi sínu við Sundlaugaveg.

6. Lögð fram beiðni frá Byggingarsamvinnufjelaginu Þórsmörk um leigu á ca. 40 byggingarlóðum. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

7. Synjað beiðni frá stjórn Stúdentagarðsins um eftirgjöf á fasteignagjöldum.

8. Jón Axel Pjetursson bar fram svo hljóðandi tillögur:
   1. " Bæjarráð samþykkir að veita verkamönnum, er unnið hafa í 3 mánuði og lengur hjá bænum og vinna nú hjá bænum, eins dags sumarleyfi með fullu kaupi."

   Tillaga þessi var felld með 3:2 atkv.

   2. "Bæjarráðið ákveður að lána verkamönnum í bæjarins þjónustu farkost, sem bærinn ræður yfir, til að fara úr bænum einn dag á sumri með svipuðum hætti og áður hefir tíðkast."

   Tillaga þessi var samþ. með samhlj. atkv.

9. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi, í samráði við Jón Sigurðsson yfirkennara, að útvega tilboð í skólaborð og kennsluáhöld í Laugarnesskólann.

10. Lagt fram brjef frá skólanefnd ásamt tillögum frá yfirkennara og dyraverði Austurbæjarskólans um viðhald á húsinu. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

11. Lagt fram símskeyti frá sýslumanni Árnessýslu þar sem hann tilkynnir að hann hafi samþykkt boð bæjarins í Úlfljótsvatn 6. þ.m.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson.
Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Oddsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Árið 1934, föstudaginn 27. júlí, kl. 5 síðdegis hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagt fram brjef frá Jóni Bergssyni, Fagradal, um styrk til að greiða afborganir og vexti af veðskuldum. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

2. Samþ. að veita Benedikt Þ. Gröndal, Ránargötu 24, lán til þess að halda húseign, eftir nánari ákvörðun fátækrafulltrúa -

3. Samþ. að veita Pjetri J. Hraunfjörð allt að 1200 króna lán til húsakaupa.

4. Lagt fram erindi frá fulltrúaráði verklýðsfjelaganna um atvinnuleysið. Nefnd frá fulltrúaráðinu kom á fundinn og ræddi um málið.
   Út af þessu samþykkti bæjarráðið að fela borgarstjóra að leita fyrir sjer um lán til atvinnubóta.

5. Samþ. að leyfa Þórði Þorsteinssyni, Bústaðabletti XV, að að selja innlent grænmeti á Lækjartorgi.

6. Samþ. að hækka tilboð bæjarins í Melbæjareignina um kr. 1000.oo.

7. Samþ. að leyfa Kristjáni Benediktssyni, Bústaðabletti III, að byggja gripahús úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabletti III.

8. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Sogamýri XII og XII A.

9. Synjað beiðni frá Sigurði Benediktssyni, Lágholtsvegi 5, um framlengingu á heimild hans til lóðarafnota við Lágholtsveg.

10. Lögð fram beiðni frá Steindóri Þorsteinssyni og Valdimari Þorsteinssyni um að þeir megi skifta á leigulóðunum nr. 12 og nr. 10 við Egilsgötu. Samþ. að verða við beiðninni.

11. Lagt fram brjef frá Halldóri Sveinssyni, Barónsstíg 10, þar sem hann býður forkaupsrjett að erfðafestulandinu Sogamýra r-bletti XXXVII.- Samþ. með 3:2 atkv . að halda við fyrri samþykkt um að telja landið aftur fallið til bæjarins.

12. Samþ. að leyfa Magneu Hjálmarsdóttur og Þórunni Sigurðardóttur að halda námskeið fyrir telpur í sundlaugunum í þrjár vikur af næsta mánuði, kl. 10-12 f.h.

13. Samþ. að verða við beiðni frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur bæjar um að ómagauppbót verði greidd á laun starfsmanna bæjarins fyrir yfirstandandi ár, sama og undanfarið ár.

14. Lagðar fram tillögur frá yfirkennara og umsjónarmanni Austurbæjarskólans um málningu á skólanum.
   Samþ. að láta framkvæma tillögurnar í 1. og 2. lið, enda verði sú fjárupphæð, sem þurfa kann fram yfir þessa árs fjárveitingu, tekin upp í fjárhagsáætlun næsta árs.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Hafnað tilboði frá Sigurði Ólafssyni rakara um kaup á húsi hans á Þormóðsstaðabletti til skólahalds.

16. Lagðar fram umsóknir um forstöðu ráðningarskrifstofu bæjarins.
Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að laun forstöðumanns verði ákveðin kr. 400.oo á mánuði fyrst um sinn til nýjárs.

17. Synjað erindi frá Halldóri Runólfssyni, Baldursgötu 29, um smíði á líkkistum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Guðm. Oddsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Árið 1934, föstudaginn 3. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram beiðni frá Frímanni Einarssyni um hjálp til þess að festa kaup á nýbýlinu Sólheimum í Miðdalslandi í Mosfellssveit fyrir kr. 16500.oo.
Jón Axel Pjetursson bar fram svohljóðandi tillögu:

" Út af erindi Frímanns Einarssonar samþykkir bæjarráðið að fela borgarritara að leita fyrir sjer um kaup á býlinu Sólheimar í Miðdlaslandi og leggja fyrir bæjarráð tilboð er hann kynni að fá."

Tillaga þessi var felld með 3:2 atkv.

Fellt með samhlj. atkv. að verða við beiðninni

2. Lagðar fram tillögur frá rafmagnsstjóa um breytingu og stækkun á húsi slökkviliðsstöðvarinnar.
Bæjarráðið samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti.

3. Lögð fram matsgjörð yfirmatsnefndar að landi Harbour and Piers Ass. Ltd.
Bæjarráðið leggur til að landið verði tekið fyrir matsverðið, kr. 79270.oo.

4. Borgarritari tilkynti, að uppboðsafsal hefi verið gefið út fyrir Úlfljótsvatni og rafmagnsveitan greitt kostnaðinn til bráðabirgða.

5. Samþ. að leigutími á lóð h/f. Kassagerðar Reykjavíkur við Skúlagötu skuli vera 75 ár.

6. Synjað beiðni frá Ásmundi Sveinssyni um eftirgjöf á lóðargjaldi.

7. Lagðar fram tillögur Arngríms Kristjánssonar frá síðasta bæjarstjórnarfundi um útibyggingu við Miðbæjarskólann.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

8. Lagt fram brjef frá Sambandi ísl. samvinnufjelaga, þar sem það tilkynnir að það samþykki að bærinn fái endurgjaldslaust 24, 5 ferm. spildu af lóðinni nr. 1 D við Lindargötu undir veg.

9. Samþ. að fela borgarritara og tveim mönnum úr bæjarráðinu að tala við atvinnumálaráðherra og bankana um atvinnubætur og fje til þeirra.
Ennfremur var samþykkt svohljóðandi ályktun:
Í trausti þess, að fje fáist til atvinnubótavinnu, samþykkir bæjarráðið að leggja fyrir bæjarverkfræðing að láta byrja á götugerð, sem samþykkt hefir verið til atvinnubóta, og hefjist sú vinna næstkomandi mánudag.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson. Guðm. Oddsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð i ð .

Árið 1934, föstudaginn 10. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lagður fram uppdráttur að barnaskólabyggingu í Laugarneshverfi.
Samþ. að leita tilboða í bygginguna.

2. Lögð fram tvö brjef frá dóms-og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 9. júlí og 10. ágúst , viðvíkjandi lögreglunni.

3. Lagður fram fógetarjettar úrskurður í útsvarsmáli gegn ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Samþ. að áfrýja málinu ekki til hæstarjettar.

4. Samþ að heimila borgarstjóra að fellu burtu dráttarvexti af þessa árs útsvörum þeirra gjaldenda, sem greiða útsvörin að fullu fyrir næstu mánaðarmót.

5. Samþ. að leyfa Önnu Gunnarsdóttur, Ránargötu 9, að selja innlent grænmeti á Lækjartorgi og Óðinstorgi.

6. Samþ. að verða við beiðni Jóhanns Jóhannssonar um leyfitil að selja spildu úr lóðinni nr. 5 við Hávallagötu, enda verði andvirðið greitt í bæjarsjóð upp í lóðarverðið.

7. Samþ að leyfa Friðriki Ó. Pálssyni að reisa hænsnahús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XIII.

8. Samþ. að leyfa Jóni Oddgeiri Jónssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Bústaðabletti XVIII.

9. Samþ. að leyfa Jens Bjarnasyni að byggja fuglahús úr timbri með steyptu gólfi á erfðafestulandinu Laugarnesbletti II.

10. Synjað beiðni frá Birni Þórðarsyni um leyfi til að byggja fjós og hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XXXIII.

11. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra um húsnæði fyrir kjötskoðun. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

12. S ynjað beiðni frá Birni Benediktssyni netagerðarmanni um lækkun á lóðargjaldi fyrir leigulóð hans við Holtsgötu og Hringbraut.

13. Lagt fram brjef frá kyndurum í gasstöðinni um ókeypis vinnufatnað eða kauphækkun. Ákveðið að leita umsagnar gasstöðvarstjóra.

14. Útsvarsmál:
Guðjón Guðbjörnsson, Seljavegi 17, Guðrún J. Erlings, Maríus Helgason, Sólvallagötu 5 A, Þuríður Guðnadóttir, Eiríksgötu 37, Þorsteinn Oddsson, Njálsgötu 29 B, Þorgrímur Sigurðsson, Unnarstíg 6, Þórarinn Jónsson, Melnum, Systurnar í Landakoti, Valdimar Lárusson, loftskeytamaður, Sigurbjörg Kristmundsdóttir, Grjótag. 12, hárgreiðslustofan Ondula, Matthías Kristjánsson, Ránarg. 12, Kristján Ól. Sveinsson Laugav. 128, Helgi Nikulásson, Barónsstíg 16, Helga M. Nielsdóttir, ljósmóðir, Guðm. Bjarnason, Reykjavíkurvegi 13, Guðjón Þórðarson, Vegamótastíg 7, Ásgerður Guðmundsdóttir, kennari, Böðvar Pjetursson, Smiðjustíg 6, Guðjón Mýrdal,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

Bifreiðarstöð Akureyrar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Árið 1934, föstudaginn 17. ágúst , kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Synjað beiðni frá Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðingi um að fá keypta leigulóð þá, er hann hefir við Köllunarklettsveg.

2. Synjað beiðni frá Sveinbirni Jónssyni, Lokastíg 19, um leyfi til að flytja íbúðarskúr úr timbri á erfðafestulandið Vatnsmýrarblett IV.

3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Hjallalandi Kaplaskjóli.

4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugarásbletti IV.

5. Samþ. að leigja Sveinbirni Kristjánssyni, Laugavegi 147, lóðina nr. 32 við Leifsgötu.

6. Samþ. að bjóða erfðfestuhöfum Hofstúns kr. 3.60 fyrir hvern ferm. af landinu sem bærinn þarf að kaupa.

7. Lagt fram brjef frá fjármálaráðuneytinu, dags. 10. ágúst, um framlag til sundhallarinnar. ennfremur voru lagðar fram tillögur bæjarverkfræðings um breytingu á Sundhöllinni. Ákveðið var að leita samþykkis ráðuneytisins fyrir breytingunum.

8. Lagt fram brjef frá atvinnu - og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 16. ágúst, um tillag ríkissjóðs og útvegun lánsfjár til atvinnubóta.
   Samþ. að fela borgarritara og tveim mönnum úr bæjarráðinu að tala við ríkisstjórnina um efni brjefsins.
   Stefán Jóhann Stefánsson og Jón Axel Pjetursson báru fram tillögu um, að nú þegar yrði bætt við 200 manns í atvinnubótavinnunni.
   Tillaga frá Pjetri Halldórssyni um að fresta atkvæðagreiðslu um tillöguna þar til talað hefði verið við ríkisstjórnina samþ með 3:2 atkv.
   Samþ. að halda aukafund í bæjarráðinu eigi síðar en næstkomandi mánudag.

9. Synjað beiðni frá Eiríki Leifssyni um að honum verði skilað aftur lögteknum munum.

10. Lagt fram brjef frá starfsmönnum í gasstöðinni um launahækkun. Ákveðið að leita umsagnar gasstöðvarstjóra.

11. Lagt fram brjef frá skólanefnd Gagnfræðaskólans í Reykjavík um byggingu skólahúss.

12. Lagt fram brjef frá bókaverði Alþýðubókasafnsins um að stofnað verði útibú við safnið. Málinu vísað til borgarstjóra til athugunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.
Guðm. Eiríksson.
Pjetur Halldórsson.
Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, mánudaginn 20. ágúst, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni;

1. Lögð fram tilboð í byggingu barnaskólahúss í Laugarneshverfinu.
   Samþ. að taka tilboði um að steypa húsið allt upp og gera þriðju hæð fokhelda.
   Ennfremur samþ. að fela borgarritara og bæjarverkfræðingi að ganga frá samningum við lægstbjóðanda.

2. Samþ. að taka tilboði frá h/f. Kol & Salt um kaup á gaskolum.

3. Samþ. með shlj. atkvæðum að leggja til við bæjarstjórn að verja til atvinnubótavinnu á árinu samtals um 620 þús. kr., enda komi til framlag ríkissjóðs og aðstoð við lántöku í sömu hlutföllum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og fjárlögum ársins 1934, og jafnframt var ákveðið að fjölga í vinnunni upp í 125 manns næsta fimmtudag, upp í 175 manns í næstu viku, og viku þar á eftir upp í 200 manns þar til sjeð verður, hvernig áætlað fje endist.

4. Samþ. að vinna eftirtalin verk í atvinnubótavinnu:

   1. Kleppsmýrarvegur.
   2. Engjavegur, austast
   3. Ránargata, milli Stýrimannastígs og Bræðraborgarstígs.
   4. Eiríksgata, milli Barónsstígs og Hringbrautar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson .

Pjatur Halldórsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

**Bæjarverkfræðingur.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Árið 1934, föstudaginn 24. ágúst , kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram umsókn frá Hermanni Hjartarsyni um forstöðu barnalesstofu Alþýðubókasafnsins.

2. Lögð fram matsgerð undirmatsnefndar að landi úr jörðinni Gufunes, sem ætlað er undir væntanlega stuttbylgjustöð. Landið er metið á kr. 17800.oo. Ákveðið að leita yfirmats.

3. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með beiðni frá Elísabet Valdimarsdóttur, Laufásvegi 27, um veitingaleyfi.

4. Samþ. að leyfa Jóhannesi S. Ólafssyni, Blönduhlíð, að selja innlent grænmeti á Óðinstorgi.

5. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra um söluleyfi pylsuvagnanna. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Lagt fram brjef frá Sundráði Reykjavíkur um aðbúð sundkennara við sundlaugarnar. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Samþ. að leyfa Hjálmari Jónssyni að byggja hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Laugarnesbletti III.

8. Samþ. að leyfa Vernharði Einarssyni að byggja íbúðarhús, fjós og hlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VII., enda verði íbúðarhús það, sem nú er á landinu, rifið .

9. Samþ. að leigja Birni Björnssyni, Skálholtsstíg 7, lóðina nr. 14 við Leifsgötu.

10. Lagt fram brjef frá Jóni Bergssyni um lagningu Fossvogsvegar. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

11. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra um vegalagningu vegna Sogsvirkjunarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 31. ágúst, kl. 5 síðdegis,

hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Samþ. að hækka laun Guðmundar Magnússonar í Verkamannaskýlinu upp í kr. 200.oo á mánuði frá 1. ágúst s.l.

2. Lagt fram brjef frá heilbrigðisfulltrúa um kaup á bílum til sorphreinsunar. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

3. Lagt fram brjef frá atvinnu - og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 27. ágúst, um lóð undir götu milli Lindargötu og Sölvhólsgötu. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi flaið að leita samkomulags við ráðuneytið, um málið.

4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Sogamýrarbletti V og XXI.

5. Samþ. að leigja Erlendi Einarsyni, Leifsgötu 8, lóðina nr. 10 við Leifsgötu.

6. Samþ. að leigja Guðmundi Jóhsnnessyni, Liefsgötu 5, lóðina nr. 87 við Njálsgötu.

7. Samþ. að leyfa Hildi Guðmundsdóttur að byggja timburskúr við íbúðarhúsið á Bústaðabletti VIII.

8. Samþ. að leyfa Ingva Jóhannessyni, Njálsgötu 71, að byggja lítið íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXII.

9. Samþ. að leyfa Birni Þóraðarsyni að byggja fjós og hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XXXIII, enda verði byggingarnar teknar í burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar bæjarstjórn krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

10. Samþ. að leggja nýtt holræsi í Reykjavíkurveg í atvinnubótavinnu.

11. Lagt fram erindi frá húseigendum við Leifsgötu um að gatan verði lagfærð og raflýst. Samþ. að láta lagfæra götuna í atvinnubótavinnu.

12. Synjað að svo stöddu beiðni frá Theódóri N. Sigurgeirssyni, Nönnugötu 5, um leyfi til að selja ávexti og sælgæti í tjaldi eða skúr við Skerjafjörð.

13. Samþ. að leggja fram vegna Sogsvirkjunar allt að 10 þús. kr. til framlengingar á Sogsveginum frá Mölvíkum upp að Miðfelli, enda vinni bæjarmenn verkið.

14. Lagt frma brjef frá lögreglustjóra þar sem hann tilkynnir, að Ólafur Jónsso n lögregluþjónn hafi sagt starfi sínu lausu frá 1. sept. n.k.

15. Bæjarráðið samþ. fyrir sitt leyfi, að skátafjelögunum í bænum verði leyft að halda varðeld í nágrenni bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingurinn.

16. Lögð fram beiðni frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings um styrk úr bæjarsjóði.

17. Samþ. að ráða Hermann Hjartarson kennara til að veita forstöðu barnalesstofu í franska spítalanum með sömu kjörum og að undanförnu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Guðmundur Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 7. september, kl. 5 e.h.,hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að veita Benjamín Gíslasyni styrk til þess að leggja raflögn í húsið nr. 5 við Baugsveg.

2. Synjað beiðni Vilhjálms Vilhjálmssonar, Kárastíg 10, um styrk úr bæjarsjóði til greiðslu á vöxtum og afborgunum af veðskuldum.

3. Samþ. að heimila Frímanni Einarssyni, Þóroddsstöðum, að taka stúlku til aðstoðar á heimilinu frá 1. okt. n.k.. Ennfremur samþ. að veita honum nú þegar kr. 30.oo til endurnýjunar á búsáhöldum.

4. Lagt fram erindi frá Ingólfi G. S. Espólin um að bæjarsjóður ábyrgist hluta af stofnkostnaði hraðfrystihúss við bátahöfnina hjer. Vísað til hafnarstjórnar til athugunar.

5. Lagt fram erindi Rögnvaldar Pjeturssonar og Ragnars E. Kvaran um stuðning af hálfu Reykjavíkurbæjar við fyrirhugað kornmyllu fyrirtæki. Frestað til nánari athugunar.

6. Lagt fram brjef Sesselju H. Sigmundsdóttur, dags. 1. þ.m. um að bæjarsjóður kosti dvöl veiklaðra skólabarna á Sólheimum í Grímsnesi næsta vetur.

7. Lagt frma brjef frá umboðsmanni vátryggingarfjelagsins Alþingía um að fjelagið greiði kr. 1800.oo fyrir eftirlit það því, að brunabótagjöld sjeu rjett lögð á. Borgarstjóra faldar frekari aðgerðir.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 59 við Bergþórugötu við Marínó Guðjónsson einan.

9. Þorkeli Ingibergssyni leigð lóðin nr. 14 við Holtsgötu til íbúðarhússbyggingar.

10. Árna Pálssyni, Steinholti við Laugarásveg leyft að byggja hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XX XIV.

11. Að tillögu bæja rverkfræðings var samþ. að krefjast þess, að húsið nr. 41 við Bræðraborgarstíg verði flutt burtu eigi síðar en 14. maí 1935.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Guðm. Eiríksson Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 14. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Pjetri Hjaltested, Sunnuhvoli, um ásigkomulag Einars Hjaltested, sonar hans. Samþykkt að óska þess að Einar verði sviftur lögræði. Einnig samþykkt að koma Einari til dvalar á Kleppi fyrst um sinn. Loks var borgarstjóra falið að fá Einar dæmdan skv. 9. gr. laga nr. 51/1928 ef nauðsyn krefur.

2. Út af erindi Sigurgeirs Björnssonar, Hverfisgötu 83, var fátækrafulltrúum sjerstaklega falið að líta eftir fatnaði barna hans.

3. Synjað beiðni Ingjalds Jónssonar, Sólheimum í Mosfellssveit um ca. kr. 5500.- lán til kaupa á bústofni, áhöldum og fóðri svo og til greiðslu áfallinna vaxta og afborgunar af veðskuldum.

4. Bæjarráð endurtekur tillögu sína til bæjarstjórnar í 3. lið fundargerðar 9. febrúar þ.á. um bakábyrgð á láni til Jóhannesar Jósefssonar hóteleiganda.

5. Erindum Erlendar Ó. Pjeturssonar, Mjóstr.2, um eignina Garðastræti 13 A vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Samþ. með 3:2 atkv. að lengja leigutíma Einars Magnússonar á lóð við Skúlagötu úr 20 árum í 30 ár.

7. Sigurgeir Einarsson fer fram á að kaup hans á lóðinni nr. 7 við Túngötu megi ganga til baka. Erindinu synjað.

8. Samþ. að leyfa Sigurði Kristinssyni forstjóra að reisa íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugarásbletti X, enda verði húsið, sem nú er á landinu, tekið í burtu jafnskjótt sem nýja húsið verður fullbúið.

9. Synjað erindi Sigurgeirs Friðrikssonar bókavarðar um leyfi til þess að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti VIII.

10. Samþ. að leigja Ingibergi Þorkelssyni lóðirnar nr. 48 og 50 við Hringbraut til íbúðarhúsbyggingar að því tilskildu, að samkomulag náist um að flytja í burtu reykhús, sem nú stendur á lóðunum.

11. Samþ. beiðni Þorkels Ingibergssonar um að skifta leigulóðinni nr. 14 við Holtsgötu í tvær lóðir.

12. Erindi Sigurjóns Jónssonar, Öldugötu 12, um kaup á lóðinni nr. 12 við Ránargötu vísað til borgarstjóra til frekari undirbúnings.

13. Lóðin nr. 38 við Hávallagötu leigð Diðrik Helgasyni, Marargötu 7.

14. Lóðin nr. 36 við Hávallagötu leigð Ragnari Guðlaugssyni bryta á e.s. Goðafoss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfræðingur.

15. Lóðin nr. 28 við Sólvallagötu, leigð Árna Guðmundssyni, Hringbraut 182.

16. Lóðin nr. 32 við Sólvallagötu leigð Carli Ryden, frkvstj.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1934, föstudaginn 14. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Pjetri Hjaltested, Sunnuhvoli, um ásigkomulag Einars Hjaltested, sonar hans. Samþykkt að óska þess að Einar verði sviftur lögræði. Einnig samþykkt að koma Einari til dvalar á Kleppi fyrst um sinn. Loks var borgarstjóra falið að fá Einar dæmdan skv. 9. gr. laga nr. 51/1928 ef nauðsyn krefur.

2. Út af erindi Sigurgeirs Björnssonar, Hverfisgötu 83, var fátækrafulltrúum sjerstaklega falið að líta eftir fatnaði barna hans.

3. Synjað beiðni Ingjalds Jónssonar, Sólheimum í Mosfellssveit um ca. kr. 5500.- lán til kaupa á bústofni, áhöldum og fóðri svo og til greiðslu áfallinna vaxta og afborgunar af veðskuldum.

4. Bæjarráð endurtekur tillögu sína til bæjarstjórnar í 3. lið fundargerðar 9. febrúar þ.á. um bakábyrgð á láni til Jóhannesar Jósefssonar hóteleiganda.

5. Erindum Erlendar Ó. Pjeturssonar, Mjóstr.2, um eignina Garðastræti 13 A vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Samþ. með 3:2 atkv. að lengja leigutíma Einars Magnússonar á lóð við Skúlagötu úr 20 árum í 30 ár.

7. Sigurgeir Einarsson fer fram á að kaup hans á lóðinni nr. 7 við Túngötu megi ganga til baka. Erindinu synjað.

8. Samþ. að leyfa Sigurði Kristinssyni forstjóra að reisa íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugarásbletti X, enda verði húsið, sem nú er á landinu, tekið í burtu jafnskjótt sem nýja húsið verður fullbúið.

9. Synjað erindi Sigurgeirs Friðrikssonar bókavarðar um leyfi til þess að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti VIII.

10. Samþ. að leigja Ingibergi Þorkelssyni lóðirnar nr. 48 og 50 við Hringbraut til íbúðarhúsbyggingar að því tilskildu, að samkomulag náist um að flytja í burtu reykhús, sem nú stendur á lóðunum.

11. Samþ. beiðni Þorkels Ingibergssonar um að skifta leigulóðinni nr. 14 við Holtsgötu í tvær lóðir.

12. Erindi Sigurjóns Jónssonar, Öldugötu 12, um kaup á lóðinni nr. 2 við Ránargötu vísað til borgarstjóra til frekari undirbúnings.

13. Lóðin nr. 38 við Hávallagötu leigð Diðrik Helgasyni, Marargötu 7.

14. Lóðin nr. 36 við Hávallagötu leigð Ragnari Guðlaugssyni bryta á e.s. Goðafoss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lóðin nr. 28 við Sólvallagötu, leigð Árna Guðmundssyni, Hringbraut 182.

16. Lóðin nr. 32 við Sólvallagötu leigð Carli Ryden, frkvstj.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 21. septbr. kl. 5 e.h. , hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Erindi verkakvennafjelagsins Framsókn um að bæjarstjórnin ráði 10 - 15 stúlkur til að-stoðar á heimilum í bænum þegar sjerstaklega stendur á vísað til fátækrafulltrúanna til umsagnar.

2. Erindi verkakvennafjelagsins Framsókn um atvinnubótavinnu kvenna vísað til bæjarstjórnar.

3. Út af erindi Jóns V. Þorsteinssonar, Mímisvegi 8, um blaðsöluskýli á Lækjartorgi gerði bæjarráðið þá ályktun að það gæti ekki lengur mælt með því, vegna breyttra ástæðna, aðallega aukinnar umferðar, að leyft verði að hafa slíkt skýli á þessum stað.

4. Samþykkt með 3:1 atkv. að veita Guðrúnu Richter leyfi til þess að taka nýtt veðdeildarlán kr. 3000.- til kr. 4000.- út á eignina Svalbarða, Kleppsmýrarbletti I, enda verði þá um leið greidd afborgun af 3ja veðrjettarláni, er fjell í gjalddaga 1. febrúar s.l. svo og áfallnir vextir.

5. Jónas Magnússon afsalar sjer kaupum á lóðinni nr. 3 við Hávallagötu.

6. Erindi Guðmundar S. Guðmundssonar, Skólavörðustíg 12, um leigu á lóð við Eríksgötu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Lagt fram brjef frá Einari Bjarnasyni lögfr. f.h. Byggingarfjelags barnakennara í Reykjavík um ábyrgð bæjarsjóðs á 2. veðrjettarlánum til nokkurra barnakennara hjer í bænum. Samþykkt að setja sem skilyrði fyrir ábyrgð bæjarins að lánstíminn verði 20 ár. Að öðru leyti var borgarstjóra falið að ganga frá ábyrgðinni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Jakob Möller. — Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. — Jón Axel Pjetursson .

Guðm. Ásbjörnsson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 28. september, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn fátækrafulltrúanna um erindi verkakvennafjel. Framsókn er greinir í 1. lið bæjarráðsfundargerðar 21. þ.m.
   Fellt með 3:2 atkv. að sinna erindinu. Óskað eftir því, að erindið verði tekið á dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

2. Synjað erindi Lofts Þorsteinssonar og Guðm. Þorsteinssonar um að bæjarsjóður greiði að hálfu meðlag með móður þeirra á Elliheimilinu.

3. Erindi Jóns Guðmanns Magnussonar, Fálk. 26, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

4. Lagt fram brjef Páls Jónssonar og fl. ábyrgðarmanna Þorkels Guðmundssonar, Laugarásbletti XIII.

5. Lagt fram erindi bæjarfulltrúanna Aðalbjargar Sigurðardóttur, Guðrúnar Jónasson og Ragnhildar Pjetursdóttur um heimilisráðunaut. Vísað til umsagnar barnaverndarnefndar.

6. Lagður fram úrskurður heilbrigðisnefndar frá fundi hennar 25. þ.m. þar sem hún úrskurðar syðri bæinn á Stóra-Seli óhæfan til íbúðar. Út af þessu var samþykkt að fela fátækrafulltrúunum að aðstoða fólk það, sem nú er í bænum, til útvegunar á nýrri íbúð. Jafnframt var samþykkt að krefjast þess af eigenda bæjarins, sem stendur á lóð Reykjavíkurkaupstaðar, að bærinn verði tekinn burtu fyrir næstkomandi áramót.

7. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 26. þ.m. um framlag ríkissjóðs til atvinnubóta í Reykjavík á yfirstandandi ári.
   Út af brjefinu ályktaði bæjarráðið að ítreka það, að gengið sje út frá því, að ríkisstjórnin aðstoði við lántöku þriðjungs þess fjár, sem varið verður til atvinnubóta á árinu.

8. Lögð fram tilkynning frá Rósenkranz A. Ivarssyni og Edvarði Sigurðssyni um ályktun fundar 25. þ.m. um atvinnubótavinnuna.

9. Bjarni Benediktsson bar fram svohljóðandi tillögu:
   Bæjarráðið beinir þeirri áskorun til borgarstjóra og hafnarstjóra að athuga og gera tillögur um með hverjum hætti bæjarfjelagið geti stuðlað að því, að bæjarbúum verði sjeð fyrir nægum og ódýrum nýjum fiski alla tíma árs.
   Tillagan samþykkt í einu hljóði.

10. Samþykkt að greiða barnaheimilinu Vorblómið kr. 500.oo vegna aukakostnaðar, sem heimilið varð fyrir á s.l. vori vegna skarlatsóttar.

11. Erindi Aðalsteins Eiríkssonar um að bæjarsjóður leysi lögtak af Sogabletti I vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Erindi Rannsóknarstofu Háskólans um afslátt af hitaveitugjaldi vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarverkfræðingurinn.

13. Erindi Freygarðs Þorvaldssonar um 10 ha. land í Krossmýri til loðdýraræktunar vísað til umsagnar bæjarverkfræðings.

14. Samþ. að gefa Hólmfríði Sigurðardóttur, Leifsgötu 22, kost á leigulóðinni nr. 76 við Hringbraut, enda hefir Gísli Guðmundsson afsalað sjer rjetti til lóðarinnar.

15. Erindi Þorkels Ingvarssonar o.fl. um leigulóð við Bergþórugötu vísað til bæjarverkfræðings.

16. Erindi íbúa við Engjaveg o.fl. um framlenginu Engjavegar að Þvottalaugunum vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

17. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti II.

18. Samþykkt að leyfa Sigurgeir Friðrikssyni bókaverði að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti VIII með þeim skilmálum, er greinir í umsókn hans, dags. í dag enda verði kvöðinni þinglýst.

19. Samþykkt að leyfa Erlingi Pálssyni að byggja þvottahús úr timbri á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti XII.

20. Samþykkt að leyfa Ingva Jóhannessyni að byggja úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXXII.

21. Borgarstjóri lagði fram erftirfarandi breytingartillögur við Reglugjörð fyrir Eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar.

1. Við 6. gr.:
Fyrir 2. og 3. málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Þess utan eiga sæti í stjórninni 2 starfsmenn borgarinnar, sem kosnir skulu af Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar, til 4ra ára í febrúarmánuði þau ár, sem regluleg bæjarstjórnarkosning fer fram. Skulu þeir kosnir leynilegri kosningu. Hlutfallskosningu skal beita ef ósk kemur fram um það.

2. Við 19. gr.:
Aftan við greinina komi ný málsgrein, þannig:
Hámark eftirlauna samkvæmt þessum kafla skal þó eigi fara fram úr 6000 kr. á ári.
Ef eftirlaunin samkvæmt framangreindum reglum ættu að vera hærri en 6000 kr. á ári fellur það niður sem umfram er.

3. Við 20.gr.:
Á eftir orðunum " eða á eftirlaunum", komi: Þó eigi yfir 3600 kr. á ári.

Samþykkt að vísa þessum breytingartillögum til bæjarstjórnar.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 5. október ,kl.5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist :

1. Erindi Halldórs Jónssonar, Vatnsstíg 3, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

2. Samþ. að bæjarsjóður ábyrgist hálft meðlag, kr. 45.oo á mánuði, með Guðnýju Loftsdóttur á Elliheimilinu.

3. Lagt fram erindi Friðleifs Friðrikssonar um úthlutun atvinnubótavinnu.

4. Synjað beiðni Unnar Vilhjálmsdóttur um að bæjarsjóður ábyrgist dvalarkostnað hennar á Hotel Borg.

5. Lögð fram tilboð í raflögn í nýja barnaskólann við Reykjaveg. Vegna mótmæla frá stjórn Rafvirkjameistarfjelags Reykjavíkur gegn sumum tilboðunum, sem fjelaginu þykja of lág, var borgarstjóra falið að ráðstafa raflögninni, enda verði engu tilboðanna tekið.

6. Út af erindi rafmagnsstjórans, dags. 4.þ.m.var borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að semja um kaup á lóðum undir spennistöðvar.

7. Samþ. að greiða Eyjólfi Kolbeins, Bygggarði, bætur fyrir hest, sem nýlega steigá rafmagnaðan vír, er lá þvert yfir götuna, og olli þetta dauða hestsins.

8. Lagt fram erindi rafmagnsstjórans um ferðakostnað nokkurra starfsmanna rafmagnsveitunnar til útlanda síðastl. sumar. Rafmagnsstjóra heimilað að greiða þeim Ágústi Guðmundssyni stöðvarstjóra, Nikulási Friðrikssyni eftirlitsmanni og Jóhanni G. Möller bókara kr. 700 - 1000 hverjum upp í ferðakostnað þeirra, að fengnum skýrslum um árangur ferðanna.

9. Lagt fram erindi rafmagnsstjórans um háspennulínu frá Elliðaárstöðinni að Syðri- Reykjum í Mosfellssveit, ásamt kostnaðar áætlun.
   Samþykkt að leggja háspennulínu að talstöðinni í Gufunesi, enda fáist samkomulag við Landssímann um greiðslu fyrir raforku.

10. Bæjarstjórnin hefir vísað til bæjarráðsins tillögum skólanefndar um eftirlaun barnakennaranna Bjarna Hjaltested og Margrjetar Þorkelsdóttúrsem hafa látið af störfum. Upplýsti borgarstjóri að eftirlaun Bjarna sjeu lögum og reglum samkvæmt kr. 1070.oo úr eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar og kr. 1034.09 úr lífeyrissjóði barnakennara, alls kr. 2104.09, en eftirlaun Margrjetar kr.1o70.oo úr eftirlaunasjóðnum og kr. 909.4o úr lífeyrissjóðnum, alls kr. 1979.40. Bæjarráðið sjer ekki ástæður til að gera tillögu um sjerstaka uppbót úr bæjarsjóði.

11. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að Samúel Ólafssyni fyrv. fátækrafulltrúa verði greidd árleg eftirlaun kr. 1800.oo.

12. Lagt fram brjef Atvinnu- og samgönumálaráðuneytisins um eftirgjöf á skuldum Bessastaðahrepps gegn greiðslu á 15% af skuldunum miðað við árslok 1933.
Samþ. með 4:1 atkv. að verða við erindinu að því er ötryggðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuldir snertir, enda áskilur bæjarsjóður sjer rjett til þess að krefja eftirstöðvarnar ef hreppurinn stendur ekki í skilum framvegis.

13. Samþ. að gefa Þorkeli Ingvarssyni og Ásmundi Ólasyni kost á leigulóðinni nr. 34 við Hringbraut og verði lóðin 13 metr. meðfram götunni.

14. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti LII.

15. Erindi íbúa við Mjölnisveg um vatnsrennsli að húsunum við veginn vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

16. Erindi Slysavarnafjelags Íslands um að fá til geymslu, endurgjaldslaust, eina verbúðina við höfnina vísað til hafnarstjórnar.

17. Samþ. að leyfa erfðafestuhafa Smiðjuhússbletts að breyta í byggingarlóð 59.9 ferm. af blettinum, er leggist við lóðina nr. 41 við Sólvallagötu, gegn greiðslu á fimmtungsgjaldi af söluverði lóðarinnar svo og götugerðargjaldi.

18. Samkvæmt tillögu bæjarverkfræðings var samþykkt að leggja holræsi í fyrirhugað götustæði í Skildinganesi frá Þvervegi til sjávar - og verði verkið unnið í atvinnubótavinnu.

19. Eftir tillögu skólanefndar var samþykkt að kaupa borð og stóla í stærri kennarastofu Austurbæjarskólans. Bæjarverkfræðingi falið að sjá um framkvæmdir í samráði við Jón Sigurðsson yfirkennara.

20. Lögð fram tillaga skólanefndar um aðstoð við tannlækningar í barnaskólunum. Erindinu frestað og borgarstjóra falið að afla upplýsinga um framkvæmd tannlækninganna.

21. Samþykkt að gefa Freygarði Þorvaldssyni kost á 2 ha. landi í Krossamýri til loðdýraræktunar. Landið sje látið á leigu eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings. Leigutíminn sje óákveðinn, en sex mánaða uppsagnarfrestur áskilinn. Afgjaldið verði ákveðið 25 kr. pr. ha. á ári.

22. Lagt fram erindi Jóns Þorvarðarsonar fyrir hönd ekkju Þorsteins sál. Þorvarðarsonar brunaliðsmanns, er ljest af slysförum 29. ágúst s.l., um dánarbætur fyrir Þorstein heitinn.

23. Samþ. að fela skrifstofustjóra borgarstjórans og fátækrafulltrúunum í samráði við prestana hjer í bænum að gera tillögur um úthlutun ellistyrks.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 12. október, kl. 5. e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að veita Jóni Bergssyni áður í Fagradal allt að 400 kr. fátækrastyrk til þess að greiða með stimpilgjald og þinglestrargjald af afsali fyrir Baldursgötu 16 , sem hann hefir fest kaup á.

2. Eftir tillögum barnaverndarnefndar var samþ. að greiða meðlag með barni H. Rydelsborg klæðskera, vandgæfu og taugaveikluðu, á barnaheimilinu Sólheimum í Grímsnesi næstk. vetur, skv. heimild í lögum nr. 76/1933, 3. gr.

3. Lagðar fram tillögur skrifstofustjóra, fátækrafulltrúanna og presta þjóðkirkju og fríkirkjusafnaðanna um úthlutun ellistyrks. Samkvænt tillögunum var samþykkt að úthluta alls kr. 56285.oo til 890 umsækjenda.

4. Lagt fram erindi rafmagnsstjóra um verkbann á húsinu Þórsgötu 15.

5. Samþ. að heimila tannlækni barnaskólanna að taka sjer stúlku til aðstoðar á tannlækningastofu Miðbæjarskólans fyrir 70 kr. á mánuði.

6. Lagt fram erindi Jóns Sigurðssonar yfirkennara um aukið kennslu - rúm í hinum nýja barnaskóla við Reykjaveg.

7. Með 2:2 atkv. var fellt að taka að svo stöddu ákvörðun um leyfi til að nota sundlaug Austurbæjarskólans á næsta sumri.

8. Lögð fram umsókn Barnaverndarnefndar um erindi 3ja bæjarfulltrúa um heimilisráðunaut.(Sbr. fundargerð bæjarráðs 28. sept., 5 . liður). Samþ. að leggja til að stofnað verði til starfsemi heimilisráðunautar og borgarstjóra falið að rannsaka málið nánar og gera tillögur um fyrirkomulagið.

9. Samþ. að mæla með því að Robert Bender, Sólvallagötu 31, fái leyfi til þess að reka veitingasölu hjer í bænum.

10. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að ekkju Þorsteins Þorvarðssonar brunaliðsmanns verði greiddar úr bæjarsjóði dánarbætur að upphæð kr. 5200.oo til viðbótar við þær kr. 4800.oo, sem Slysatrygging ríkisins greiðir í bætur fyrir Þorstein heitinn

11. Samþ. að gefa Sigurjón Jónssyni, Öldugötu 12, kost á lóðinni nr. 2 við Ránargötu, sem er eign Skipulagssjóðs, til kaups fyrir bókfært verð kr. 6455.oo svo og lóðarskika við Garðastræti 19.7 ferm. fyrir tilsvarandi verð.

12. Samþ. með 3:1 atkv. að veita Guðnýju Richter leyfi til þess að taka allt að kr. 4500.oo veðdeildarlán út á eignina Kleppsmýrarbl. I með sömu skilmálum og getur í fundargerð bæjarráðs 21. sept. 4. lið.

13. Lögð fram ályktun fundar mjólkurframleiðanda í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 7. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef alþingismannanna Thor Thors og Garðars Þorsteinssonar þar sem þeir biðja um umsögn bæjarráðsins um frumvarp til laga um vinnumiðlun og frv. til laga um verkamannabústaði, sem liggja fyrir Alþingi. Samþ. 3:2 að fela Bjarna Benediktssyni að gera tillögu að umsögn um frv. til laga um verkamannabústaði, en forstöðumanni ráðningarstofu bæjarins um frv. til laga um vinnumiðlun.

15. Út af erindi Steindórs Einarssonar um stæði fyrir strætisvagna á Lækjartorgi, samþ. bæjarráðið að það geti ekki að svo stöddu fjölgað bifreiðastæðum á Lækjartorgi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 19. október, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi Einars Ólafssonar um lán allt að kr. 1000. - til vara kr. 700.- út á húseignina " Sælundur " við Þverveg.

2. Erindi Einars Jónatanssonar, Bergþórugötu 29, um son hans Einar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

3. Synjað erindi Unnar Vilhjálmsdóttur um að bæjarsjóður taki ábyrgð á dvalarkostnaði hennar hjer í bænum sem yrði kr. 6.00 á dag.

4. Samþykkt eftir beiðni Blindravinafjelags Íslands, að veita Rósu Guðmundsdóttur, Austurhlíð v/. Reykjavík, sama námsstyrk og hún fjekk síðasta skólaár. Stúlkan stundar nám í blindra skólanum.

5. Erindi kennara við Miðbæjarskólann um endurbætur á leiksvæði skólans vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

6. Lögð fram erindi frá íbúum á Grímsstaðaholti og formanni skólanefndar um flutning á skólabörnum úr úthverfum bæjarins. Samþ. að fela borgarstjóra að semja við Strætisvagna Reykjavíkur h./f. um flutning á börnunum.

7. Samþykkt að nema úr leigusamningi við h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur um lóð við Hringbraut, dags. 21. nóv. 1933, þau ákvæði, sem standa í vegi fyrir lántöku í Veðdeild Landsbankans, enda gefi fjelagið yfirlýsingu um/það muni hlíta ákvæðunum þó að þau verði felld úr samningnum.

8. Samþykkt að gefa Hjalta Björnssyni & Co. f.h. fyrirhugaðs hlutafjelags, kost á leigulóð í Rauðarárholti við Þvergötu allt að 1200 ferm. eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

9. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulöndunum Sogamýrarbletti XII og XII A.

10. Synjað erindi frá Bifreiðastöð Reykjavíkur um að fá leyfi til að byggja járnvarið timburskýli fyrir bifreiðaviðgerðir á lóð við Suðurgötu.

11. Lagt fram frumvarp Bjarna Benediktssonar að umsögn bæjarráðs um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 71/1931 um verkamannabústaði. Samþykkti bæjarráðið með 3 : 2 atkv. frumvarpið.

12. Lögð fram umsögn Gunnars E. Benediktssonar forstöðumanns ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um frv. til laga um vinnumiðlun. Samþ. með 3:2 atkv. að senda alþingismönnunum Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni umsögnina.

13. Samþ. tillaga bókavarðar alþýðubókasafnsins um kaup á bókum fyrir kr. 671.25.

14. Jón A. Pjetursson bar fram svohlj. tillögu: " Bæjarráð ákveður að leggja til við bæjarstjórn að bærinn byggi, allt að 100 tveggja og þriggja herbergja íbúðum á næsta ári og ákveður að taka lán í því skyni, og sje að bæjarins tilhlutun á þann hátt sjeð fyrir húsnæðisþörf þeirra, er á annan hátt ekki geta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

notið aðstoðar bæjarins við öflun húsnæðis, en hafa þess fulla þörf.
Í þessu tilefni felur bæjarráð borgarstjóra að undirbúa frumvarp um ríkisábyrgð fyrir láni handa Reykjavíkurbæ er nægja mundi fyrir nefndum hundrað íbúðum og felur honum að leita samvinnu við Þingmenn Reykjavíkur um þetta mál."

Umr. og atkv.gr. um tillöguna frestað.

15. Samþ. að fela borgarstjóra að leita samninga við Þorstein Bjarnason körfugerðarmann um að hann taki að sjer forstöðu vetrarhjálparinnar næsta vetur.

Felira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Ár 1934, föstudaginn 26. október, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Jóns Árnasonar, Vesturg. 66, um lán, kr. 240.oo til þess að greiða áfallna húsaleiguskuld.

2. Synjað beiðni Símonar Símonarsonar, Sogabl. XX, um hjálp til þess að standa í skilum með greiðslur af veðskuldabrjefi.

3. Erindi Þorsteins Kristjánssonar, Laugarnesvegi 42, um hjálp til þess að greiða opinber gjöld af húseign hans vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

4. Samþykkt að greiða meðlag með Margrjeti Benjamínsdóttur á Elliheimilinu fyrst um sinn.

5. Erindi Guðmundar Jóhannssonar, Grímsby 3, um ábyrgð á húsaleigu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

6. Lagt fram erindi Barnaverndarnefndar um starfrækslu barnaheimilisins " Vorblómið" framvegis.

7. Lagt fram erindi barnaverndarnefndar um leikvöll fyrir börn á Grímsstaðaholti. Erindinu vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

8. Lagt frma erindi barnaverndarnefndar um eftirlit við höfnina.

9. Lagt fram erindi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um þátttöku ríkissjóðs í sjerstökum kostnaði Reykjavíkurbæjar vegna skarlatsóttar. Tilkynnir ráðuneytið að það geti ekki orðið við áskorun bæjarstjórnar um að fyrirskipa opinberar varnir gegn útbreiðslu skarlatsóttar eins og sakir standa, en hinsvegar muni ríkissjóður greiða hluta af sjerstökum kostnaði bæjarsjóðs vegna varna gegn veikinni eftir tillögum landlæknis.

10. Lagðar fram áskoranir sendisveina um breytingu á samþykkt um lokunartíma sölubúða. Borgarritara falið að undirbúa málið.

11. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um rafmagnsnotkun til ljósa í nokkrum íbúðum.
Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt með 3:2 atkv. að hinir nýju bústaðir Byggingarfjelags Verkamanna geti fengið aðgang að samskonar tilraunataxta fyrir rafmagn til suðu, sem gildir fyrir eldri bústaðina, enda verði húsin útbúin með fullkomnum rafmagnseldhúsum.

12. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að bæjarsjóður taki ábyrgð á láni úr Fiskiveiðasjóði Íslands, allt að 25 þús. krónur, sem tryggt verður með 1. veðrjetti í mótorbát ca. 50 tonna, sem Valdimar Bjarnason, Framnesvegi 42 o. fl. eiga í smíðum í Noregi.

13. Lagt fram brjef útvarpsstjóra um birtingu frjetta af bæjarstjórnarfundum.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Borgarstjóri lagði fram tillögu um að bæjarsjóður kaupi byggingarlóðir Landakots við Túngötu, Hávallagötu og Sólvallagötu, að stærð samtals um 10744.6 ferm., fyrir kr. 125.000.oo. Bráðabirgða fasteignamat á lóðunum er kr. 117.840.80. Andvirði lóðanna, ásamt vöxtum, greiðist með árlegri greiðslu í einu lagi næstkomandi 35 ár og sje upphæð árgreiðslunnar kr. 7500.oo, sem er 6% af söluverðinu og þó eigi lægri upphæð árlega en 6,36% af fasteignamatsverði hinna seldu lóða, eins og það er á hverjum tíma. Seljandi fái rjett til þess að krefjast þess að nýtt fasteignamat fari fram á lóðum þessum á miðju hverju reglulegu 10 ára fasteignamatstímabili. Seljandi fái tryggingu í leigunni af lóðunum, sem ætlast er til að verði látnar á leigu til byggingarsamvinnufjelags undir íbúðarhús, bænum að skaðlausu, jafnframt því að afsal til kaupstaðarins fer fram.

Tillagan samþykkt með samhlj. atkv.

15. Samþykkt, út af erindi Þorbjargar Jónsdóttur og Magneu Hjálmarsdóttur, að taka ekki að svo stöddu ákvörðun um leyfi til að nota sundlaug Austurbæjarskólans á næsta sumri.

16. Samþ. að vísa tillögu Jóns Axels Pjeturssonar undir 14. lið á síðasta bæjarráðsfundi til bæjarstjórnar.

17. Útsvarsmál:

Íslenzk- russneska Verslunarfjelagið h/f., Anna Ásmundsdóttir, Suðurgötu 22, Axel Sigurðsson, Bar. 41, Sveinn Sigurjónsson & Co, Árni Sveinsson, Lvg. 79, Rannveig Guðmundsdóttir, Grettisg. 65, Fritz Vogler, Lauf. 59, Sænsk.- íslenska frystihúsið, C. Mordhorst, ölgerðarmaður, Valdimar Lárusson, Skólavst. 30, Markús Sigurðsson, Miðstr. 8 A, Kristín Markúsdóttir s.st., Georg Michelsen, Bræðr. 16, Kristvin Guðmundsson, Laugav. 30 B, Ragnar E. Kvaran, Ásvallagötu 7, Kristinn P. Friðriksson, Amt. 5, Friðsteinn Jónsson, Ljósvallag. 14, Haraldur Runólfsson, Fossagötu 4, Samvinnufjelagið Bjarg.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pjetursson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 2. nóvbr., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt framhaldsúthlutun á ellistyrk, samtals kr. 765.oo til 15 umsækjenda.

2. Erindi Friðriks Sigurðssonar, Litlalandi við Sundlaugaveg, um lán til þess að greiða veðskuld vísað til borgarstjóra og fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

3. Erindi Bjarna Bjarnasonar, Vatnsstíg 3, um styrk til að greiða húsaleigu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

4. Lagt fram erindi frá mæðrastyrksnefnd f.h. Helgu Finnbogadóttur, Þórsgötu 20, vegna dóttur hennar Fjólu Nielsen.

5. Lagt fram erindi frá sömu nefnd vegna Margrjetar Guðmundsdóttur. Erindinu synjað.

6. Lagt fram erindi frá sömu nefnd f.h. Helgu Jónsdóttur. Vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.

7. Lagt fram er-indi frá sömu nefnd f.h. Þóreyjar Brandsdóttur, Barónsstíg 2.

8. Lagt fram erindi sömu nefndar f. h. Sigríðar Línberg, Þingholtsstræti 22.

9. Lagt fram erindi frá sömu nefnd f. h. Margrjetar Runólfsdóttur. Vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

10. Samþykkt að gefa Norðfjarðarhreppi fullnaðarkvittun fyrir skuldum hreppsins við bæjarsjóð eins og þær voru 31. des. 1933, gegn greiðslu á 20% af skuldunum. Þó áskilur bæjarráð bæjarsjóði rjett til þess að krefjast fullrar greiðslu ef hreppurinn stendur ekki í skilum framvegis.

11. Samþykkt að gera Grunnavíkurhreppi tilboð um að kvitta skuld hreppsins við bæjarsjóð pr. 31. des. 1933 gegn greiðslu á 20% með sömu skilmálum og segir í 10. lið.

12. Samþykkt að greiða Íþróttasambandi Islands viðbótarstyrk, kr. 600.oo, til læknisskoðunar á íþróttamönnum á yfirstandandi ári.

13. Erindi Jóns V. Þorsteinssonar, blaðsala, um bætur fyrir kostnað og fyrirhöfn við að láta gera teikningar af blaðsöluskýli á Lækjartorgi vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

14. Synjað erindi Þorvaldar Thoroddsen um að bæjarsjóður kaupi af honum lóðina nr. 2 við Smáragötu og leigi honum síðan með venjulegum skilmálum.

15. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Rannsóknarstofu Háskólans um lækkun á hitaveitugjaldi. Samþ. að Rannsóknarstofan greiði fyrst um sinn hitaveitugjald kr. 100.oo á mánuði, frá 1. okt. til 14. maí, en kr. 37.5o á mánuði frá 15. maí til 30. september.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Synjað með 3:2 atkv. erindi Þvottakvennafjelagsins Freyja um að bærinn geri samning við fjelagið þess efnis að aðrar konur en þær, sem eru í fjelaginu, vinni ekki að ræstingu hjá bænum. Vísað til bæjarstjórnar.

17. Samþ. eftir tillögu bæjarverkfræðings að halda áfram lagningu Hávallagötu og leggja Hofsvallagötu á milli Túngötu og Hringbrautar í atvinnubótavinnu. Sömuleiðis að taka upp grjót og lagfæra skurði til endurbóta á Suðurlandsbraut, eftir beiðni vegamálastjórnarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1934, föstudaginn 9. nóvbr., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1933 ásamt efnahagsreikningi pr. 31. desbr. 1933.

2. Lögð fram tvö erindi frá Valgeiri Skagfjörð cand. theol. Þar sem farið er fram á að bæjarsjóður greiði meðlag með Jóni Jónssyni, Njarðargötu 39, og konu hans Gróu Jónsdóttur, á Elliheimilinu. Vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

3. Lögð fram beiðni Júlíusar Hansen frá Blómvangi í Mosfellssveit um lán til þess að komast til Danmerkur með fjölskyldu sína. Vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

4. Lögð fram skýrsla um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar 20. okt.- 31. október.

5. Synjað erindi A.C. Höyer frá Hveradölum um lán til þessað koma upp drykkjumannahæli suður á Reykjanesi.

6. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að mæla með því, að Gísla Guðmundssyni , Hverfisgötu 34, verði veitt veitingaleyfi.

7. Samþ. að leyfa Hálfdáni Bjarnasyni, Hafnarsmiðjunni, að byggja hænsnahus úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVII.

8. Samkv. tilmælum vegamálastjóra f.h. atvinnumálaráðuneytisins var samþ. að vinna eftirtalin verk í atvinnubótavinnu: Vegagerð og lagfæring á Útvarpsstöðvarlóð, mulningsvinna með svipuðu fyrirkomulagi og síðastl. vetur, breyting á Hafnarfjarðarvegi á 200 metra kafla norður í Öskjuhlíð, vegagerð á Landsspítalalóð.

9. Samþ. að gefa Birni Olsen og Gunnari Jónassyni kost á leigulóðinni nr. 100 við Laugaveg, enda samþykki bæjarráð teikningu af húsi er verður reist á lóðinni.

10. Samþ. með sömu skilmálum að gefa Ólafi Guðmundssyni, Leifsgötu 7 og Jóhannesi Gíslasyni s.st. kost á leigulóðinni nr. 32 við Hringbraut.

11. Sömu menn afsala sjer leigulóðinni nr. 18 við Leifsgötu.

12. Synjað beiðni Kjartans Ólafssonar um að sú kvöð verði lögð á lóðirnar nr. 13 við Hólavallagötu og nr. 42 við Garðastræti að eigendur þeirra taki þátt í kostnaði við að girða lóðina nr. 11 við Hólavallagötu.

13. Bjarni Benediktsson bar fram svohlj. tillögu til bæjarstjórnar:

> Bæjarstjórn ákveður skv. heimild í 30. gr. lögreglusamþykktar bæjarins, að banna hjólreiðar um Bankastræti og felur bæjarverkfræðingi að annast um að nauðsynlegar auglýsingar um þetta verði settar upp á gatnamótum.

Samþ. að mæla með tillögunni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. svohljóðandi tillaga frá Bjarna Benediktssyni:

Bæjarráð skorar á lögreglustjóa að hlutast til um að lögreglan hafi að staðaldri gát á umferðinni neðst í Bankastræti og Lækjartorgshorninu.

15. Samþ. tillaga frá Bjarna Benediktssyni svohljóðandi:

Bæjarráð felur borgarstjóra og bæjarverkfræðing í samráði við lögreglustjóra að athuga og gera hið fyrsta tillögur um nægilega stór bifreiðastæði í eða sem næst miðbænum.

16. Útsvarsmál: Ólafur B. Magnússon.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð

Ár 1934, þriðjudaginn13. nóvember kl. 6 e.h. hjelt bæjarráðið fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá verkamannafjelaginu " Dagsbrún " þar sem tilkynntar eru ályktanir á fundi fjelagsins 12.þ.m.

2. Stefán Jóh. Stefánsson og Jón Axel Pjetursson báru fram svohljóðandi tillögu:

> Með því að fáanlegt mun nú vera úr ríkissjóði allt að 25 þús. krónur til aukinnar atvinnubótavinnu hjer í bænum, gegn tvöföldu fjárframlagi frá bænum, þá ákveður bæjarráð að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni um 200 manns og að sú fjölgun verði fyrst um sinn til næsta nýjárs.

Út af þessari tillögu var borgarstjóra og Jóni A. Pjeturssyni falið að leita fyrir sjer um möguleika fyrir lánum til þess að standa straum af atvinnubótavinnunni og aukningu hennar skv. tillögunni.

Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 16. nóvember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Þórði Sigurðssyni, Grettisgötu 54, um greiðslu á húsaleigu. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

2. Samþ. að veita Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands 200 króna styrk á þessu ári til að halda saumanámskeið.

3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti IV.

4. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabletti XVII.

5. Lagt fram brjef frá Jens Bjarnasyni um að vegur verði lagður af Kleppsvegi að erfðafestulandinu Laugarnesbletti I. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Lagt fram brjef frá búendum í Sogamýri um að Grensásvegur verði framlengdur suður á Bústaðaveg. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Lagt fram brjef frá búendum við Hlíðarveg, Sogaveg og Tunguveg um vegalagningu frárennsli og hreinsun frá húsum þeirra.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Synjað beiðni frá Stefáni Jóhannssyni, Sólvallagötu 7 A, um að honum verði greiddir reikningar vegna umleitana um skipakaup.

9. Samþ. að láta gera í atvinnubótavinnu efsta hlutann af Ægisgötu og að halda áfram með Skólavörðustíg.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Bjarni Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller. Jón Axel Pjetursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 23. nóv., kl. 5 síðdegis hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef fra nokkrum lögregluþjónum um lóðir undir íbúðarhús. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugúnar.

2. Samþ. að leyfa Þorkeli Helgasyni að byggja íbúðarhús úrtimbri á erfðafestulandinu Sogamyrarbletti I.

3. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IV.

4. Lagt fram brjef frá húseigendum við Ránargötu, milli Stýrimannastígs og Bræðraborgarstígs, um að bætt verði við götuljósum á þessum hluta götunnar. Málinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

5. Lögð fram fundarályktun frá Olympíunefndinni, dags. 22. nóv.

6. Tekið fyrir erindi frá Gunnari Ólafssyni, Óðinsgötu 12, um ábyrgð á 6000 króna láni til kaupa á mótorbátnum " Sig. Gunnarsson." Lánið yrði tryggt með 2. veðrjetti í bátnum, næst á eftir 18. þús. króna láni, sem hvílir á 1. veðrjetti. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

7. Lagt fram brjef frá Guðmundi Jónssyni trjesmið um raflögn í húsið nr. 14 við Garðastræti.

8. Lagt fram brjef frá Bakarameistarafjelagi Reykjavíkur um breytingu á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík. Málinu vísað til borgarritara til athugunar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Guðm. Asbjörnsson.. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 30. nóv., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá stjórn Elliheimilisins Grund um ábyrgð fyrir tvo þurfamenn Ísafjarðarkaupstaðar.

2. Lagt fram brjef frá Hallgrími Jónssyni, Steinholti, um 700 kr. lán úr bæjarsjóði. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.

3. Lagt fram brjef frá fjelagi íslenzkra iðnrekenda um lækkun á verði á rafmagni til iðnreksturs. Málinu vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

4. Lagt fram brjef frá vátryggingarfjelaginu Danske Lloyd um að bílaumferð verði bönnuð niður Bankastræti. Bæjarráðið sjer sjer ekki fært að verða við erindinu að svo stöddu.

5. Samþ. að nota forkaupsrjett að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XIII, með Þóroddsstöðum, fyrir kr. 26500.oo.

6. Hafnað forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti I.

7. Samþykkt að leigja Ragnari Þórarinssyni lóðina nr. 20 við Leifsgötu.

8. Samþ. að leyfa Einari Eiríkssyni, Marargötu 2, að byggja fuglahús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXIX.

9. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi frá nokkrum íbúum á Sogablettum um vegalagningar, holræsi og hreinsun frá húsum þeirra.

10. Lagt fram erindi frá Útvegsbanka Íslands h/f. um skemmdir á Kirkjusandi eystri - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson .

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pjetursson.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1934, föstudaginn 7. desember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leggja til að tekið verði tilboði frá Hlíðarhreppi í Norður- Múlasýslu um að hreppurinn greiði ⅘ hluta af skuld sinni við bæjarsjóð ca. 1300 krónur, gegn fullnaðarkvittun.

2. Erindi Hallgríms Jónssonar, Steinholti, um lán úr bæjarsjóði, vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

3. Lagt fram brjef frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur um greiðslu á meðgjöf með barni Sigurðar Benediktssonar, Vesturgötu 33.

4. Synjað beiðni frá Adolf Guðmundssyni, Grundarstíg 15 , um eftirgjöf á fátækrastyrk.

5. Lagt fram brjef frá Markúsi Jónssyni, Svartagili, um ábyrgð á sjúkrahúsvist og lækningakostnaði. Samþ. að leita umsagnar fátækralækna og fátækrafulltrúa.

6. Lagt fram brjef frá Jóni Sigurjónssyni þar sem hann býður bæjarsjóði til kaups lóðina nr. 1 við Fossagötu fyrir kr. 1017. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Lagt fram brjef frá landssímastjóra, dags. 6. des., um brunasímann í bænum.

8. Samþ. að leyfa Hálfdáni Bjarnasyni að byggja hænsnahús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVII.

9. Samþ. að selja Aðalsteini Pálssyni skipstjóra lóðina nr. 3 við Hávallagötu fyrir matsverð, enda gangi upp í kaupverðið kr. 5000.oo, sem er andvirði erfðafestulandanna Túnbletts og Melstaðabletts við Grandaveg, sem Aðalsteinn afsalar til bæjarsjóðs.

10. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Útvegsbanka Íslands vegna skemmda á eystri- Kirkjusandi.

11. Lagt fram brjef frá húseigendum við Bárugötu og Öldugötu um endurbætur á götum. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

12. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra um verk, sem ríkisstjórnin óskar að unnið sjeu í atvinnubótavinnu. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

13. Samþ. með 3:2 atkv. að veita Þorgrími Jónssyni í Laugarnesi veðleyfi til að taka allt að 5000 króna lán út á 2. veðrjett eignarinnar Laugarnes, sem gangi á undan veði bæjarsjóðs. - Málinu vísað til bæjarstjórnar.

14. Lögð fram skýrsla frá Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar yfir tímabilið 1. - 30. nóvember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller.

Guðm. Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Jón A. Pjetursson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .
==================

Ár 1934, föstudaginn 14. desember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni frá Guðna Þorsteinssyni, Óðinsgötu 17 B, um 100 króna mánaðarlegan styrk.- Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til afgreiðslu.

2. Lagt fram brjef frá Laufeyju Valdimarsdóttur um greiðslu af fje Vetrarhjálparinnar, til Sigurveigar Björnsdóttur. - Bæjarráðið lítur svo á, að málið hafi þegar verið afgreitt.

3. Lagt fram brjef frá Laufeyju Valdimarsdóttur f.h. Fjólu Nielsen, dags. 14. des, og brjef frá Fjólu Nielsen, dags. 13. des.

4. Lagt fram brjef frá Laufeyju Valdimarsdóttur, f.h. Guðrúnar Lilju Davíðsdóttur, dags. 14. des., og brjef frá Einínu Sigurðardóttur, dags. sama dag.

5. Fátækrafulltrúarnir lögðu fram skýrslur um fátækraframfæri innanbæjarþurfamanna.

6. Lögð fram áskorun frá 44 verkamönnum um að samþykktar verði kröfur verkamannafjelagsins Dagsbrún um ókeypis gas, rafmagn, kol og mötuneyti til atvinnulausra verkamanna, og ennfremur að úthlutað verði jólastyrk til atvinnuleysingja.

7. Lögð fram skýrsla frá forstöðumanni vetrarhjálparinnar.

8. Lögð fram beiðni frá Lars Halsör um leiguland til að þurka á fiskbein. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Lagt fram er-indi frá íbúum við Laugarnesveg um að lækur sá, sem rennur frá S undlaugunum, verði yfirbyggður. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Samþ. að selja Tryggva Ófeigssyni skipstjóra, lóðina nr. 9 við Hávallagötu.

11. Lagt fram brjef frá Lárusi Hanssyni um kostnað við flutning á húsinu nr. 43 við Bræðraborgarstíg.

12. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra um verk, sem atvinnumálaráðuneytið óskar að unnin sjeu í atvinnubótavinnu.- Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

13. Synjað beiðni frá Þorsteini Sigurðssyni húsgagnasmið um eftirgjöf á dráttarvöxtum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Jakob Möller.

Jón Axel Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð

Ár 1934, föstudaginn 21. desember, kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Guðrúnu Davíðsdóttur um eftirgjöf á fátækrastyrk. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar..

2. Lagt fram brjef frá bæjarstjó-ranum á Ísafirði um að bæjarsjóður greiði 1/3 hluta af dvalarkostnaði tveggja þurfamanna Ísafjarðarkaupstaðar á Elliheimilinu. Samþ. að leita úrskurðar stjórnarvalda um málið.

3. Lagt fram brjef frá Þorkeli Guðmundssyni, Vegamótum,um hjálp til að fá lán úr Kreppulánasjóði. Málinu vísað til fátækrafulltrúanna til athugunar.

4. Lagt fram brjef frá Frímanni Einarssyni, dags. 21. des.

5. Lagt fram brjef frá Jónasi Guðmundssyni, Káraastíg 1, viðvíkjandi eigninni i Mýri B við Nýlendugötu. Samþ. með 4:1 atkv. að gefa eigendunum kost á að bærinn kaupi helming eignar-innar fyrir fasteignamatsverð, eða að þeir fái hluta bæjarins af eigninni keyptan fyrir fasteignamatsverð.

6. Lagður fram tillöguuppdráttur að húsum við Hringbraut milli Laugavegs og Bergþórugötu.- Bæjarráðið samþykkti uppdráttinn fyrir sitt leyti með 2:1 atkv.

7. Samþ að selja Páli Sigurðssyni lækni lóðina nr. 15 við Hávallagötu fyrir matsverð.

8. Lagt fram brjef frá skrifstofu Iðnsambands byggingarmanna um atvinnuleysi meðal iðnaðarmanna og vinnu við að fullgera Sundhöllina. Samþ. að senda húsameistara ríkissins málið til umsagnar.

9. Synjað beiðni frá Lars Halsör um leiguland til beinaþurkunar.

10. Lagt fram brjef frá Önundi Jósefssyni um leyfi til að byggja hjall til harðfiskverkunar í Skildinganeshólum. - Málinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

11. Lagt fram brjef frá íbúum við Holtsgötu um að gatan verði lögð samkvæmt skipulagsuppdrætti bæjarins. Málinu vísað til bæjarverkfræðings.

12. Lögð fram yfifmatsgjörð að landspildu úr Gufuneslandi, sem ríkisstjórnin ætlar að taka eignarnámi handa Landsíma Íslands.

13. Synjað beiðni frá Jóhannesi Jónssyni um bæjarábyrgð fyrir 10-12 þús. kr. fiskiveiðasjóðsláni.

14. Synjað beiðni frá Anton Jakobsen um bæjarábyrgð fyrir 7500 króna rekstrarláni til útgerðar.

15. Synjað beiðni frá Þorvaldi Jacobsen um bæjarábyrgð fyrir 26 þús. kr. láni til bátakaupa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.
Guðm. Eiríksson.
Guðm. Oddsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Árið 1934, föstudaginn 28. des., kl. 5 síðdegis, hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist;

1. Samþ. að lóð sú í Rauðarárholti, sem Hjalti Björnsson & Co. hafa fengið á leigu fyrir hönd Kexverksmiðju Íslands h.f., skuli leigð til 40 ára og leigan metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti.

2. Samþ. að leyfa Önundi Jósefssyni að byggja bráðabirgðahjall til harðfiskverkunar í vestanverðum Björnshól á Grímsstaðaholti, enda verði hjallurinn tekinn burtu, bænum að kostnaðarlausu, með 6 mánaða fyrirvara.

3. Lögð fram tilboð í miðstöðvarhitun og hreinlætistæki í barnaskóla við Reykjaveg.- Samþ. að taka lægsta tilboði, frá Richard Eiríkssyni, kr. 10200.oo.

4. Synjað beiðni frá Markúsi Einarssyni um 7500 króna lán úr bæjarsjóði til bátakaupa.

5. Lagt fram brjef frá oddvita Ólafsvíkurhrepps þar sem hann fer þess á leit, að gefin verði eftir 60% af skuldum Ólafsvíkurhrepps og Neshrepps innan Ennis hins forna við bæjarsjóð í árslok 1932, gegn því að 40% verði greidd fyrir 1. janúar 1935, og ennfremur gegn því, að skuld sú, sem stofnuð er á árunum 1933 - 34, verði greidd að fullu á næstu tveimur árum.
Samþ. að leggja til að verða við erindinu.

6. Synjað beiðni frá Bjarna Bjarnasyni, Vatnsstíg 3, um 1500 kr. lán til kaupa á hlutabrjefi í h/f. Fram.

7. Lagt fram frumvarp borgarstjóra til fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavík 1935.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur